

## Ekkert lát á gosinu

# Fjögur íbúðarhús eldi að bráð — fleiri í hættu

Bláamaður Þjóðviljans, Vilborg Harðardóttir sýmar frá Vestmannaeyjum kl. 19 í gær.:

Enn fer gosið í aðalgignum vaxandi og hraunflugíð hefur aukizt að mun og færzt nær byggðinni. Um 6-leytið í kvöld hafði það kveikt í 3 íbúðarhúsum, auk húss Péturs Guðjónssonar, sem brann í morgun.

Þessi hús eru Kirkjuból og 2 íbúðarhús í næsta nágrenni við það. Kirkjubæirnir eru einnig dæmdir til að fara fljótlega því að hraunjaðarinn er aðeins í fárra metra fjarlægð. Ekki hefur þó kviknað í þeim enn, nema fjárhúsinu hjá Þorbirni, þó að þeir standi nær hraunjaðrinum heldur en húsinn, sem brunninn eru. Hraunflugíð hefur kastazt yfir Kirkjubæina og þannig valdið íkveikju húsanna fjögurra.

Einnig eru þrjú ný hús rétt fyrir vestan í talsverðri hættu, og var þegar farið að hrynja á þau áðan og líklega tímarspursmál, hvenær kviknar í.

2—3 vikur eða 2—3 ár?

Rétt áðan átti ég viðtal við Magnús Magnússon bæjarstjóra og spurði m.a., hvort höfnin væri í hættu. Hún er það ekki enn, sagði

hann, og kom í ljós við mælingar varðskipsins Arvakurs í dag, að ekki hafa orðið breytingar að ráði, hvað dýpi snertir, fyrir utan tangann, sem myndazt hefur og annars staðar er sagt frá.

Löbsinn mun nú taka við og

mæla dýpið á tveggja tíma fresti.

Magnús sagði, að aðalatriðið núna væri björgun verðmæta og færi sú hlið málsins mikið eftir því, hve lengi gosið stæði, en það gæti að áliti jarðfræðinga staðið frá 2—3 vikum upp í 2—3 ár. Höf-


uðatriðið er að hafa allt sem mest tilbúið, þegar þessum náttúruhamförum linnir, til að þá geti vinna og eblilegt líf hafizt hér á ný.

Nefndin sem ríkisstjórnin skipaði mun skila áhiti í prenu lagi. Í

fyrsta lagi um bráðabirgðaráðstafanir. Þá um ráðstafanir til nokkuð lengri tíma, og í þriðja lagi til einhverra ára.

Magnúsi taldist til, að fólk í

Frh. á bls. 15



Fyrsta húsið, sem eldurinn grandaði — glóandi hraunið í baksýn. (Ljósmyndari vh.)

## Halda Bandaríkjamenn samninginn í þetta skipti?

# VOPNAHLÉ Í VÆNDUM

Í fyrrinótt var tilkynnt í Bandaríkjunum og í Vietnam, að vopnahlé væri í vændum í Vietnam og samningur þar um yrði undirritaður á laugardaginn. Samningurinn núna er mjög svipaður þeim sem lá fyrir í október sl. en Nixon sveikst um að halda. Ógnarárásir hans á Vietnam um jólin hafa ekki breytt neinum meginatriðum. Þjóðarráð á að undirbúa kosningar, og fôðurlandsvinir munu ótrauðir vinna að sameiningu landsins.

WASHINGTON 24/1 — Fréttaritari NTB í Bandaríkjunum telur að Thieu, forseti Suður-Vietnams, hafi slakað verulega á kröfum sínum við að fallast á það, að á að gízka 140 þúsund norður-vietnamskir hermenn megi vera áfram í Suður-Vietnam eftir vopnahlé þá sem á að ganga í gildi um miðnætti aðfararnótt sunnudags.

En Norður-Vietnamar hafa fyrir sitt leyti gefið eftir að eftirlitsliðið verði eitt þúsund menn í stað 250. Kanada, Pólland, Ungverjaland og Indónesía verða beðin um að láta í té þetta lið.

Því er lýst yfir að markalinan við 17. breiddarbaug milli Norður- og Suður-Vietnam sé til bráðabirgða, en þar verður 16 kílómetra breitt vopnlaust svæði.

A næstu 2 mánuðum eiga Bandaríkjamenn að hverfa á braut með herstyrk sinn, 23.700 manns, og samtímis verður bandarískum flugmönnum sleppt úr haldi í Norður-Vietnam.

Innan 30 daga verður kvóð saman alþjóðleg ráðstefna um Indó-Kína. — Abilar skuldbinda sig til að virða rétt íbúanna í S-Vietnam til að ákveða sjálfir um framtíð sína, en stjórnin í Saigon sé víðurkennd sem eina löglega stjórnvaldið unz kosningar hafa verið haldnar. Þær verða undirbúnar af þjóðarráði með fulltrúum Saigon-stjórnar, þjóðfrelsisfylkingarinnar og hlutlausra aðila, en háðar undir eftirliti alþjóðlegrar eftirlitsnefndar.

Þá segir fréttaritariinn að innlendir stríðsábilar í S-Vietnam

skuli draga úr herstyrk sínum. Tundurduflin við hafnir N-Vietnams munu Bandaríkjamenn fjarlægja. Þeir halda áfram efna-hagsaðstöð við S-Vietnam.

Samningurinn er í 23 liðum og við hann eru 4 bókanir um framkvæmdatriði.

## Le Duc Tho segir:

PARIS 24/1 — Le Duc Tho, samningamaður Norður-Vietnama

gagnvart Kissinger, hélt blaðamannafund í París í dag. Hann kvað engan grundvallarmun á þeim samningi, sem hann og Kissinger hafa nú sett upphafsstafi sína undir, og því samkomulagi sem lá fyrir í október sl. Loftárásir Bandaríkjamanna í síðasta mánuði hefðu ekki breytt þar um og verið frekar til tjóns en gagns við samningagerðina.

Hann fullyrkti að vopnahléssamningurinn muni leiða til

endursameiningar vietnömsku ríkjanna.

Spurður um stöðu norður-vietnamskra herdeilda í S-Vietnam sagði hann að þetta hefði mikið verið rétt sl. 5 ár. „En við höfum alltaf visað slíkum fullyrðingum á bug, því þær eru — lagalega og pólitískt — tilgangslausar. Að lokum létu Bandaríkjamenn undan, og þessvegna er ekki orð í samningnum um slíkar herdeildir“.

## Seinustu fréttir frá Eyjum

Vilborg Harðardóttir símaði frá Eyjum kl. 10: Nú eru Kirkjubær og Hlaðbær farnir, alveg brunnir niður. Fjallgarðurinn hefur hækkað mjög mikið, og að því er virðist einnig lengst fram í sjó. Gosið er mikið nú í kvöld, en þó ekki alveg eins mikið og í dag, og hraunflugíð nær ekki alveg eins langt yfirbyggðina — fer hærra upp, en dreifist ekki eins mikið og áður.


Heklan fer héðan um hálf ellefu. Hún fer með hóp af hrossum sem var smalað saman í dag. Hún gat ekki tek-

ið öll hrossin og verða síðustu hrossin send í fyrramálið. Þá var skipað um borð 65 bílum, ásamt ýmsum farangri, sem fólk hafði safnað saman, en með Heklu komu frá landi um 250 manns, er fengu að koma með því skilyrði að það færi aftur með skipinu til baka.

Grimseyingar tjáðu bæjarstjórn Vestmannaeyja í dag að þeir gæfu 80 þúsund krónur til Eyjabúa, en það er 1000 krónur á hvert mannsbarn í Grimsey.

Og kl. rúmlega ellefu hringdi Vilborg, og sagði að Sigurður Þórarinnsson, jarðfræðingur hefði lagt til að höfð yrði vakt á gosstöðvunum þar sem hættu væri á að hraunið myndi rjúfa skarð í vesturvegg hraunsprungunnar.

lesendur spyrja



Magnús Torfi Ólafsson.

### Verðlauna-úthlutunarnefnd Norðurlandaráðs

Hver tilnefnir menn fyrir Íslands hönd til að úthluta bókmenntaverðlaunum Norðurlandaráðs?

Hve lengi gildir tilnefningin? Hafa önnur Norðurlönd sama hátt á um tilnefningu og tímasetu dómnefndarmanna?

Magnús Torfi Ólafsson menntamálaráðherra svaraði svolatandi.

„Samkvæmt reglum um bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, sem staðfestar voru af ríkisstjórnun Norðurlandaráðs árið 1961 (breytt árið 1964), skipar

menntamálaráðherra í hverju landi (í Danmörku ráðherra menningarmála) þrjá fulltrúa af hálfu viðkomandi lands í dómnefnd verðlaunanna til þriggja ára í senn. Með sama hætti er skipaður einn varafulltrúi frá hverju landi nema Finnlandi, en þar eru varamenn tveir.

Af íslenskri hálfu var síðast skipað í nefndina árið 1970 til þriggja ára, eða þar til veiting verðlaunanna árið 1973 hefði farið fram“.

Þess má geta að fulltrúar Íslands hafa setið í dómnefnd frá upphafi vega, en önnur Norðurlönd hafa skipt reglulega um fulltrúa. — úþ.

# Að bjóða það sem ekki er til?

Í þeim ógnarlegu náttúruhamförum sem nú ógna mannbýggð í Vestmannaeyjum hefur sannarlega reynt á samhug og samstarfsgetu Íslendinga. Sú reynsla leiddi að vísu ekki annað í ljós, en það sem landsmenn flestir vissu fyrirfram. Auk landsmanna, sem lögðu til hvers kyns flutningstæki sem til eru, bíla, báta og flugvélar, við mannlutningana úr Eyjum, gekk einnig fram fyrir skjöldu haurkinn í horninu okkar, það er að segja herliðið í Miðnesheiðinni.

Nú skyldi enginn ætla að ekki hafi orðið nokkurt gagn af hjálpsmi hersins, þó svo framlag hans hafi ekki skipt neinum sköpum við björgunarstarfið. Þetta þar ekki að skilja svo, að ekki eigi að þakka það sem vel er gert. Hitt er enn annað, að þegar kappið yfirgefur forsjálnina, vill oft gleymast það sem þar til hefur verið talið sannleikanum samkvæmt.

Þannig fór fyrir yfir-

mönnum herliðsins þegar kappið við hjálpsemina yfirkeyrði forsjálnina.

Morgunblaðið, málagn herliðsins í Miðnesheiðinni, skýrir frá því að herinn sé reiðubúinn að ljá alla þá aðstöð sem í þeirra valdi er. Og í sínu valdi telja þeir að útegi húsaskjól handa veglausum Vestmannaeyjum. Málagn þeirra hefur orðrétt eftir senidráðsritara þeirra: „Varnarliðið“ hefur enn fremur lýst sig reiðubúið til að ljá húsnæði á „varnarstöðinni“, hvenær sem þess verður þörf. —

Svo ber til að í þessgönum í kring um herstöðina í Miðnesheiði, og reyndar á Stór-Reykjavíkursvæðinu öllu, eru hundruð íbúða settar hermönnum Bandaríkjahers. Astæðan fyrir því hefur til þessa dags verið sögð sú, að innan herstöðvarinnar sé ekki nægilegt húsrými fyrir alla þá data sem hér dveljast. Þessa astæðu fyrir utanherstöðvarbýggð hafa Íslenzk yfirvöld

tekið góða og gilda til þessa dags.

En eftir slíka yfirlýsingu hjá yfirmátahjálpsöðum hernámsyfirvöldum hlýtur að verða að líta öðrum augum á fyrri yfirlýsingar þeirra um þetta efni, og reyndar önnur efni einnig. Það hlýtur einhver fiskur að liggja undir steini þegar þrautþjálfaðir múgmenn stríðsmenningarinnar bjóða falt það sem þeir áður segja ekki til.

Það yrði óneitanlega skoplegt ef íslenzk yfirvöld þekktust þetta bók herliðsins. Þá hefðum við herinn utan „varnarvæðisins“, en Íslending innan herstöðvarinnar!

Engum dettur að sjálfsgöbu til hugar að afturkalla búsetuleyfi hermanna, svo Vestmannaeyingar fengu íbúðir að búa í. Slíkt væri vanþökk eftir hið „gífturlika“ hjálparstarf hersins.

Auk þess væri það til muna Íslenzkara og þar með vonlaust til framkvæmda. — úþ

# Yfirgangur enskra á Íslandsmiðum

og margt annað úr fortíð og samtíð til umræðu í tímaritinu RÉTTUR

Tímaritið Réttur, 4. hefti ársins 1972, kom út snemma í mánuðinum. Með því hefti er lokið 55. árgangi ritsins. Eru heftin fjögur í árganginum samtals 256 lesmálssíður. Askritfarverð er aðeins 250 krónur. Ritstjórnin Einar

Ólgeirsson skrifar forystugrein þá sem hér fer á eftir:

Árið 1972 táknar mikil tímamót í sögu Evrópu eftirstrísáráttanna. Það hefur og orðið oss Íslendingum ár ríkrar reynslu, sem þjóðin þarf að læra af.

Hinar svokölluðu „bandamenn“ okkar, einkum valdhafar Bretlands, sýna nú þjóð vorri svart á hvítu hvað það kostar að hafa aftan í auðhringaveidi Atlantshafsbandalagsins.

Bretarnir hampa til skiptis sæta-braudinu og svipunni: tala annan daginn um „vinþjóðir“ sem verði að semja, — hótta hinn daginn að senda herskip sín á Íslandsmið: vilja halda áfram ránskap, mannránum og manndrápum eins og þeir hafa iðkað hér öldum saman. Þeir treysta á fimmtu herdeild sína hér á landi, það heilapvegna NATO-lið, sem er reiðubúið að fórna Íslandi fyrir Atlantshafsbandalagið, — ef það bara þórir. En brezka auðvaldið gefst upp, þegar það óttast að íslenzk þjóð slíti ella af sér NATO-fjötrana.

Norðurlönd lifa nú þá stund, er ákveða mun örlog norrænna



Kápteikningar Réttar eru ávallt einkar vandadar og gefa á sinn hátt glögga grein fyrir einhverjum þeim pólitísku hugmyndum sem reifaðar eru í ritinu hverju sinni. Hér sést einn af hinum norrænu svönunum steypast niður í fang þýzka og brezka auðvaldsins. En einmitt þeim auðvaldsherrum höfum við Íslendingar nú óvenju gott tækifæri til að kynna á fiskimiðum okkar um þessar mundir.

þjóða um langan aldur. Sá skal nú að öllu hyggja, er á slíkum krossgötum stendur og láta e glejast. Sigur Willy Brandts var mikill sigur friðarstefnu borgaralegs þjóðfélags yfir ofstæki hernaðarinnar. En það var ekki sigur

sotalismans á þýzku auðvaldi.

Þvert á móti hyggst nú þýzkt auðvald ná þeirri drottunarástöðu í Evrópu á frísamlegan hátt sem Hitlersher þess misheppnaðist að ná með báli og brandi. Fyrir auðhring Vestur-Þýzkalands (— og þá ensku dreymir um að vera með) tekur nú tímabil hins kalda friðar við af skeiði hins kalda stríðs og þá er það þeirra kalda hyggja að ganga af hverju fyrirtækinu á fætur öðru daða, unz örfáir einokunarhringir drotna allsráðandi yfir atvinnulífi Vestur-Evrópu, auðvitað hampandi hugsjón frelsisins líkt og NATO lýðræðisins.

„Réttur“ ræðir að þessu sinni auk annarra ymis þau mál, sem minnt er á hér að framan. En algveg sérstaklega verða þó rædd hér ymis vandamál, sem örlogum geta valdið í verkalyðshreyfingunni og vart eru rædd annarsstaðar. Svo hefur það verið og verður áfram.

Ennfremur eru hér og hafa verið að undanförun greinar, sem snerta sögu sotalismans á Íslandi. Þannig er nú sagt nokkuð ger frá þeim merka manni Guðbjóni Baldvinsyni frá Bökkvissstöðum, er dó ungar í upphafi þessarar aldar, og frá ýmsum aðstæðum kringum ræðu Þorsteins Erlingssonar í Dagsbrúnn 1912. Það er svo um atburði í upphafi aldarinnar að heimildirnar eru oft af skornum skammti og getur því ýmislegt missagt, þótt reynt sé að segja rétt. Væri „Rétti“ þökk á ef menn vissu betur um ýmislegt sem sagt er í þessum greinum eða geymdu heimildir, sem höfundur er ókunnar, að slík vitneskja væri látin ritstjóra í té.

Aframhaldið á stefnuskrá Alþýðubandalagsins átti að koma í þessu hefti, en verður vegna þrengsla að bíða og kemur í 1. hefti næsta árgangs.

Það er afar mikilvægt fyrir sotalismann á Íslandi, verkalyðshreyfinguna alla og baráttu fyrir fullu þjóðfrelsi voru, að útbreiðsla „Réttar“ aukist stórum. Allt ritstarf við „Rétt“ er sjálfbostarft. Takmark tímaritsins er það eitt að afla hugsjón sotalismans fylgis og styrkja innvið þeirrar hreyfingar, er „Réttur“ berst fyrir. Hann verður því fyrst og fremst að treysta úlesundur sína og vellunnara um útbreiðslu og þar með aukin áhrif, sem um leið gerði kleift að gera „Rétt“ starrí og fjölbreyttari en nú.

Argangur sá, sem lýkur með þessu hefti, er hinn stærsti. Enn hefur komið í hinu nýja formi. „Réttur“ heitir því á lesundur sína að gera með

## ALÞÝÐUBANDALAGIÐ

Árshátið AB í Kópavogi Arshátið Alþýðubandalagsins í Kópavogi verður haldin laugardaginn 3. febrúar og hefst kl. 19.30. Þorramatur á bostólum. — Góð skemmtiatriði. — Hjómssveitin „Trío 72“ leikur fyrir dansi.

Upplýsingar og miðapantanir í síma 40853, 41279 og 41794. AB Kópavogi.

Þorablót Alþýðubandalagsins á Akranesi 1973 verður haldið í félagsheimilinu Rein 3. febrúar. Nánara auglýst síðar.

## HORN Í SÍÐU

### Hin kúgaða stétt

A miðvikudaginn ruddist fram á ritvöllinn oddviti hinnar kúguðu stéttar, kaupmannastéttarinnar. Sem von má vera með kúgaðan mann var oddvitinn bæði sár og reiður. Ritsmiðin fjallar um „skerðingu“ á álagningu verzlunarinnar og það hversu ótæk ráðstöfun slíkt sé. Enn ógnarlegra verður þetta þegar fram kemur, að aðrir eigi ekki að verða fyrir „skerðingu“. Það er það

óskaplega. Um þetta segir oddvitinn: „Jafnframt því sem þetta gerðist var því lyst fjálglega yfir að ekki yrði skert hár á höfði launþegarsstéttanna, útflutningsiðnaður fengi víta mingsingjöf, sjávarútvegur yrði rekin með blóma og vísitalan skyldi fá að spríkja laus. Ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar felldi gengi krónunnar og sendi kaupmönnum reikninginn. Svona var þetta einfalt.“ Hér er sum sé svipt hlunnir af þeirri óhæfustjórn sem við völd situr. Hún skerðir ekki laun verkafólks (eins og blessuð víðreisnin gerði). Hún skerðir ekki laun sjómanna (eins og víðreisnin sláða gerði). Hún kippir ekki stöðunum undan undirstöðu- atvinnuvegum þjóðarinnar;



Oddviti hinnar kúguðu stéttar, Hjörtur Jónsson.


hún tekur vitöluna ekki úr sambandi, og hún leyfir kaupmönnum ekki að ráða efnahagsaðgerðum, þótt þeir séu upp undir 0,4% af mannfólkinu á landinu, (eins og víðreisnin gerði). Blessuð sé minning hennar.

Og ekki er nóg með að ríkisstjórnarastýrmíð sé með ofsóknaræði gegn þessari stétt, heldur hafa rættungur komið því á kreik, að oddviti hinnar kúguðu stéttar hafi valið þann tíma til að opinbera hina sáru neyð stéttarinnar vegna þess að nú er óþarfi að dreifa skattaframtalalseyðubliðum til borgaranna.

Og hvernig er líka hægt að leggja skatt á slíka óreiga? Ekki gerði víðreisnin það, en hverju má ekki trúu upp á óhæfa ríkisstjórn sem tekur mið af þörfum fjöldans? —úþ

## Rætt við Lúðvík Jósepsson, sjávar- útvegsráðherra

Ríkisstjórnin hefur settið á fundum og fjallað um þann vanda, sem óhjákvæmilega leiðir af gosinu í Vestmannaeyjum fyrir íbúa eyjanna og fyrir þjóðarbúið í heild. Við leit-uðum fréttu hjá Lúðvík Jósepssyni, sjávarútvegsráðherra, varðandi áhrif þess á þjóðarbúskapinn, ef framleiðsla stöðvast í Vestmannaeyjum mánuðum saman.



# Verðmæti útflutnings frá Vestmannaeyjum 2500-3000 milljónir króna á ári

**Hrikalegt tjón fyrir þjóðarbúið, ef vertíðin í Eyjum tapast**

Lúðvík sagði: — Sliku hljóta að sjálfsögðu að fylgja gifurleg vandamál. Vestmannaeyjar hafa verið allra stærsta og þýðingarmesta verstöðin, og heildarframleiðslan þar verð 17–20% af sjávarvöru-framleiðslunni á ári. Þetta þýðir á ári 2500–3000 milljónir króna.

Verði ekki hægt að halda uppi framleiðslu í Vestmannaeyjum í vetur, þá gefur auga leið, að erfitt verður, að og má reyndar heita útilokað, að þjarga að öllu leyti þessum framleiðsluverðmætum, þó að allt verði reynt sem hægt er.

— Er nokkur von til að hægt verði að vinna loðnu í Vestmannaeyjum í vetur?

— Eins og nú standa sakir má segja, að Vestmannaeyjar hafi verið langsamlega þýðingarmesta verstöðin, einmitt vegna loðunnar. Á síðustu loðnuvertíð var landað þar 90.000 tonn um af loðnu eða 1/3 af heildaraflagninu, enda hefur tiltölulega mest veiðist af loðnu á Vestmannaeyja-svæðinu. Þari svo, að ekki verði hægt að landa loðnu nú á vertíðinni í Eyjum, er augljóst, að af þeim ástæðum hljóta að tapast mikil verðmæti, því að aldrei verður hægt að ná sama aflamagni, ef sigla verður með veiðina til fjarlægari hafna.

Enginn getur sagt um það nú, hver framvinnan verður, en heldur verður að telja ólíklegt, að loðnunnsla geti átt sér stað í Vestmannaeyjum á þeirri vertíð, sem í hönd fer.

— En hvernig, er utilitið varðandi þorskeiðbarnar og sjálfa vetrarvertíðina?

— Í Vestmannaeyjum eru 4 mjög stór frystihús og fleiri smærri. Þar eru afkastamestu frystihús á landinu öllu. Engin leið verður að reka þessi frystihús í vetur nema margt manna, og þá ekki sízt konur, verði búsett í Vestmannaeyjum í vetur. Það er álit okkar, að ekki geti verið um ýkjamikla nýtingu á húsumum að ræða, nema a.m.k. 2000 manns búi í Eyjum, og ef vatnsleiðslan frá landi bilar má heita að fiskvinnsla í Vestmannaeyjum sé útilokluð, miðað við þær kröfur, sem nú eru gerðar.

— En yrði ekki hægt að koma Vestmannaeyjabátum fyrir annars staðar, ef illa fer?

— Það verður að sjálfsögðu reynt, og eru athugasemdir þegar í

gangi í þeim efnum, bæði varðandi útgerð bátanna og vinnslu aflans. Þetta verður allt að skoðast vandlega strax, þó að vissulega sé von um að mál kunni að snúast til betri vegar, — en það góða sakar þá ekki.

Allmikilið aflamagn er hægt að flytja frá Þorlákshöfn og Grindavík til Faxaflóasvæðisins til

vinnslu, en það er þó ýmsu háð og m.a. því, að verkafólk frá Vestmannaeyjum eða annars staðar að sé fyrir hendi til að vinna aflann.

Svo eru mikil þrengsli í höfnum bæði í Þorlákshöfn og í Grindavík, sem gera verulega erfitt fyrir að taka við mun fleiri bátum til viðbótar við þá, sem fyrir eru.

Fleiri útgerðarstarfir geta reyndar komið til greina, en mjög litlar líkur eru á, að hægt verði að þjarga nema nokkrum hluta af aflanum, ef útgerð og fiskvinnsla í Vestmannaeyjum stöðvast um sinn.

— Þú telur sem sagt, að þjóðarframleiðsla okkar geti orðið fyrir miljarða tapi, ef ekki

verður lagður upp fiskur í Vestmannaeyjum í vetur, — eða hvað?

— Já, hér getur orðið um stór kostlegan skell að ræða fyrir þjóðarbúið allt, fyrir utan beint tjón Vestmannaeyinga sjálfra. Það er augljóst að þjóðarbúskapur okkar stendur frammi fyrir hugsanlegu tapi í útflutnings-verðmætum, sem nemur 1–1 1/2

Frh. á bls. 15

## Reyna þeir loðnu-bræðslu í Eyjum?

Í gærmorgun kl. 11 hófst fundur 42 útgerðarmanna úr Vestmannaeyjum hér í Reykjavík. Var hann haldinn í skrifstofum Landssambands íslenskra útgerðarmanna í Hafnarhvoli, og þá var boðað til annars fundar kl. 9 í gærkvöldi á sama stað.

Það var upplýst á þessum fundi að ætlunin hafði verið að gera út 77 báta á vertíðinni í Eyjum. Þar af rúmlega 20 stórir bátar á loðnu.

Flestir útgerðarmanna hafa hug á því að gera út bát sinn á komandi vertíð og kom þá upp það vandamál, hvar löndunarmóttaka væri heppilegst fyrir Eyjabáta og sýnist heldur illa horfa um móttöku til dæmis í Þorlákshöfn eða Grindavík.

Báðar þessar hafnir eru litlar og rúma varla meira en heimabáta, og þarna er líka alltaf örþröð frá vertíðarbátum frá Suðurnesjum og Reykjavík.

Eyjabátar fengu ef til vill pláss við bryggju til að skipa aflanum á land og taka kost um borð. Eyjabátar yrðu þegar að vika úr viðleguþlassi fyrir öðrum bátum og helzt úr höfninni.

Þá var annað atriði rætt á fundinum. Það er hvernig hægt er að nálgast veiðarfærin, — einkum loðnunótina og þorskanetin. Loðnunót kostar í

dag 2 til 3 milljónir kr. Höfðu útgerðarmenn mikinn hug á því að nálgast þessi veiðarfæri sem fyrst, — stóð til í gær að koma vörubillum í gang í Eyjum og fara þegar að flytja loðnunótina eða þorskanetin niður á bryggju og hafa þau þar tilbúin er bátarnir kæmu í höfn.

Ein loðnunót vegur mörg tonn, og þarf helzt hífukranabíla til þess að valda farminum.

Þegar um miðjan dag í gær ætluðu nokkrir bátar að halda til Eyja til þess að ná í veiðarfæri bátanna og þá ætluðu nokkrir bátar eftir fund útgerðarmanna í gærkvöldi að sigla til Eyja.

Það kom fram á fundinum í gær, að útilokað er að hugsa til frystihúsareksturs á þessari vertíð í Eyjum. Aðaluppstæðan í vinnukrafti eru húsmæðir, og vandið núna í vertíðarbyrjun einmitt mikill af kvenfólki. Atti að treysta á aðkomukvenfólki í þessum efnum.

Vonlaust er að ætla kvenfólki og börnum búsetu í Eyjum meðan á eldgosinu stendur. Einn útgerðarmaður sagði mér í gærðag að mikinn hita legði af gosinu að nærliggjandi íbúðarhverfum, — þannig að fólk er ekki vært úti né inni, og var þó vindáttin hagstæð í þessum efnum í fyrradag.

Þá er meira og minna hægt að gera ráð fyrir óskufalli og eiturloftstegundum frá gosstöðvunum.

Þá skiptir vatn miklu máli í sambandi við frystihúsarekstur.

Hins vegar kom fram sú hugmynd að reka mætti loðnu-bræðslurnar í Eyjum. Fáa menn þarf til þess að sjá um loðnubræðslu, og önnur aðal-loðnubræðslan er nybúin að reisa yfirbyggða loðnuþró, og komast þar fyrir þúsundir tonna. Þá kemur til greina að hagnýta hverskonar yfirbreiðslur úr gerviefnum.


Vestmannaeyjar liggja bezt allra verstöðva við loðnunótunum. Var þriðjungur loðnuafllans landað þar á síðustu vertíð, — um 90 þúsund tonn.

Um miðjan dag í gær litum við inn til Ingólfs Arnarsonar. Hefur hann skrifstofu hjá L.I.U. í Hafnarhvoli skammt frá Hafnarbúðum.

Inni hjá honum var staddur einn útgerðarmaður frá Keflavík og bað hann fram aðstöðu fyrir einn bát frá Eyjum.

Þannig eru fiskverkunarstöðvar og útgerðarfyrirtæki í verstöðvum á Suðvesturlandi farnar að bjóða fram pláss fyrir einn eða fleiri báta.

Þegar er farið að heyrast frá Snæfellingum. Verðubáleysi háir verstöðvunum á



Ingólfur Arnarson í skrifstofu sinni í L.I.U. í gær.

Snæfellsnesi. Þá hafa útgerðarfyrirtæki í Eyjafirði búið fram þjónustu sína í þessum efnum.

Nú er búið að opna hlaupareikning fyrir bátana í bönkum hér í Reykjavík, einkum í Utvegsbankanum. Í fyrstihúsumum í Eyjum eru nú um 2 þúsund tonn af frosnum fiski í frystiklefum. Fór Hofsjökull í fyrrakvöld til Eyja með 40 verkamenn. Var fiskinn skipað út í gær í Eyjum.

Fiskvinnslustöðvar í Eyjum eru ekki undir fimm milljörðum kr. að verðmæti. g.m.



Hér sitja þær Guðfinna og Þórdís á einu borðanna.

Það var margt um manninn í Hafnarbúðum í gær, og stóð fólk í hópum á hverri hæð hússins og ræddi hið raunverulega ástand í Eyjum.

Margir hafa hug á því að komast til Eyja aftur til þess að huga að eignum sínum og ganga frá þeim til bráðabirgða, — fólkíð fór margt fyrirvaralaust um borð í bátana eða upp í flugvélar án þess að taka bókstaflega nokkuð með sér, — ekki sízt hefur fólkíð hug á því að ná sér í meiri klæðnað og spurði það mikið um ferðir til Vestmannaeyja.

Í gær fóru Herjólfur og

# Þetta er meiri náðin með skattinn

## Bankamála-nefndin einhuga

Bankamálanefnd sú er bankamálaráðherra skipaði til að gera athugun á bankakerfi landsmanna hefur lokið störfum og sendi ráðherra greinargerð sína í fyrradag.

Formaður nefndarinnar, Jóhannes Nordal Seðlabankastjóri, kvæðst ekki geta gefið upplýsingar um efni þess álits sem nefndin sendi frá sér fyrr en að fengnu leyfi ráðherra.

Jóhannes sagði að nefndin hefði orðið sammála um þessa greinargerð, þar sem segir frá stöðu bankamálanna nú, og þar er að finna vissar ábendingar um hvert beri að stefna í bankamáluð að áliti nefndarmanna. — Úþ.



Starfsfólk Rauða krossins tekur hér á móti Vestmannaeyingunum í einum skólanum og skráir þá niður.

Heklan með á fjórða hundrad manns til Eyja í þessu skyni, — átti að leggja inn umsókn þarna í Hafnarbúðum um far til Eyja.

Þá hefur verið rætt um að koma upp vinnumiðlun þarna í Hafnarbúðum, — hafa margir boðið Eyjamönnum starf í vetur, og þá hefur verið komið upp nýrri þjóðskrá fyrir Vestmannaeyinga, — enda fluttu um 5100 manns til lands í fyrradag á fjórum klukkutímum.

Í gær voru 70 til 80 bílar fluttir til lands, — sumir þeirra fullir af fötum.

### Að missa tengslin við ættarbyggð

Þær sátu úti við glugga í veitingasalnum í Hafnarbúðum og voru heldur þungbúnar á svip, — farnar að gera sér grein fyrir raunverulegum ástæðum sínum í heimi hér. Þær heita Guðfinna Kristjánsdóttir og Þórdís Steinþórsdóttir.

Fólkíð þarna í salnum var nýbúið að frétta af gígmyndun í vesturöxlinni og hugsanlegum hraunstraumi þáan niður yfir byggðina.

Tengslin eru byrjuð að rofna við ættarbyggð, sem liggur undir eldi og eimyrju, og vitundin um auð húsinn og nýafstaðna folksflutningana í land skapar þeim sterka einmanakenn og mikið öryggisleysi.

Við erum flóttafólk og eigum bara fötin sem við stöndum í núna, — ekki einu sinni sængurtúbrú — og liggjum upp á vana fólk í bænum.

Við erum til dæmis farnar að gera okkur grein fyrir, að slík gisting tekur aðeins takmarkaðan tíma, og hvað tekur þá við?

Guðfinna er fædd og uppallin í Vestmannaeyjum og ætlaði að vinna í búð í vetur. Þetta er ættarbyggð föður hennar, og hún hefur hvergi átt heima nema þar.

Við getum ekki endalaust legið upp á fólk í bænum. Þess vegna erum við farin að leita eftir atvinnu, og hefur okkur dottið í hug fyrstihúsin í verstöðvunum suður með sjó.

Það verður ekki búð í Eyjum í vetur, en þar er búslóð okkar og heimili. Þar er allt tengt lífi okkar og hagsmunum. Kannski missum við þetta allt og fáum ekki að handleika kæra muni; og þær gáfu sig treganum á vald.

Fjölskyldu minni hefur dottið í hug að leita á ættarslóðir móður minnar, en hún er fædd og uppallin á Eskifirði. Þar eru ættingjar og vinir.

Við spurðum þær stallsystur, hvað hefði vakið þeim mesta furðu þann daginn.

Það er þetta með skattinn. Það er meiri andskotans náðin að tilkynna þennan frest, — eða hitt þó heldur. Við erum búnar að missa heimilin, eignir okkar eru í tvísynu, — atvinnulaust fólk á vergangi hér uppi á meginlandinu.

Tómleiki sezt að fólk er missir allt í einu tengslin við ættarbyggð sína; — þessu er fólkíð úr Eyjum farið að gera sér grein fyrir á öðrum degi eftir folksflutningana og ferðina til lands á fyrsta degi hörmunganna. g.m.

### Höfnin er ekki í hættu

Í Hafnarbúðum hittum við Frh. á bls. 15

## Frá Hafnarbúðum:



Bergsteinn Jónasson.

## LLOYD BANNAR FLUGVÉLUM AÐ LENDA Í EYJUM

Enska tryggingafélagið Lloyd, þar sem íslenskar flugvélar munu vera endurtryggðar, hefur nú bannað þeim flugvélum, sem tryggðar eru hjá Lloyd að lenda í Vestmannaeyjum, þar eð þær séu ekki sértryggðar fyrir slíkum náttúruhamföllum sem þær geysa.

Þæði Flugþjónustan og Vængir eru með sínar vélar í endurtryggingu hjá Lloyd og fengu þessi flugfélög skipun um það í gær að hætta landingum í Eyjum. — S.dór.

## Skipulagðar ferðir til Vestmannaeyja

Almannavarnir hafa ákveðið að gefa Vestmannaeyingum kost á að sigla til Eyja til að huga að eignum sínum. Fulltrúar Vestmannaeyja, sem hafa aðsetur í Hafnarbúðum, sjá um öll fararleyfi fyrir Vestmannaeyinga.

Sendir verða litlir hópar í senn. Til ferðanna verða notuð tvö skip, Hekla og Herjólfur.

Upplýsingasímar í Hafnarbúðum eru 11380 — 11994 og 12089. Upplýsingasími Almannavarna er 26120.

## "GÓÐA VEIZLU GERA SKAL"



BRÚDKAUP, fermingarveizlur, afmælishóf, áttahagafélagssamkomur eða annar mannfagnaður standa fyrir dyrum hjá einhverjum dag hvern. Þá vaknar spurningin: hvar skal halda hófið? Ef aðstæður leyfa ekki að hafa veizluna heima fyrir, þá er næst að hringja í Hótel Loftleidir. Þar eru salarkynni fyrir hvers konar samkvæmi. Allar upplýsingar í síma 22322.



## SAMÍÐ VEGNA VIÉTNA MS

Meðan náttúruhamfarir gerast á Íslandi er talin von til að bindinn verði endir á aðrar hamfarir annarsstaðar á hnettinum — hamfarir af mannavöldum. Þær hamfarir skilja eftir sig í Vietnam sviðna jörð og brenndar borgir, miljónir fallinna og örkumlamanna, atvinnuvegi í rúst. Nixon lýsti því yfir í hátiðaræðu á dögnum að Bandaríkjamenn mættu vera stoltir af því, að þeir hefðu háð þetta stríð, sem og önnur, til að hjálpa öðrum. Sú „hjálp“ hefur reynzt dýrkeyptari íbúum Suður-Víetnams en nokkur yfirlýstur fjandskapur nokkurri þjóð. Þegar nú bandarískur her á að hverfa þaðan, er viðskilnaðurinn

ekki aðeins lík og rústir. Hinn gífurlegi lofthernaður þeirra hefur einnig greitt sjálfum forsendum mannlegs sambýlis og starfs þungar búsfjar. Þeir akrar eru eyddir og þeir skógar brenndir sem áður veittu mönnum lífsframfæri, útlutningur er svotil úr sögunni. Þriðji hver landsmaður hefur neyðst til að flýja heimkynni sín og til stærstu borganna, þar sem engra kosta er völd. Nema hvað bandarískir og japanskir auðhringar hafa þegar rennt auga til þess ódýra vinnuafns, sem þeir vonast til að eiga kost á, ef með einhverju móti tekst að halda stjórn Thieus við völd. Þetta er sá viðskilnaður í Vietnam, sem

Nixon kallar „frið með sæmd“. Minnisvarðar stefnu hans eru rústir mannvirkja, eyddir akrar, ómurlengt mannlíf og hundruð þúsunda í fangelsum, sem kllkan í Saigon kallar nú „glæpamenn“. Utanríkisstefna Bandaríkjamanna sem hefur reist sér þessa minnisvarða, hefur enga sigra unnið — nema yfir sjálfri sér. Hún er nú dæmd og fordæmd um allan heim og vonandi er hún liðin undir lok, en baráttan gegn heimsvaldastefnunni mun halda áfram. Í þeirri baráttu hefur Þjóðfrelsis-hreyfingin í Suður-Víetnam nú náð áfangasigri og beygt Nixon til þess að hunzkast heim með herlið sitt. Þeim sigri er fagnað um allan heim.

## SJÁLFSAGÐIR HLUTIR

Þegar neyðin er stærst eru allir reiðubúnir til að leggja liðsinni sitt. Sem betur fer eru Íslendingar þannig að slík hjálpa af hverju tagi sem vera skal er aldeilis sjálfsgöð. Það telur enginn eftir sér að leggja fram vinnu, mat, akstur, flutninga á fólki milli staða, gistingu o.s.frv. o.s.frv. Það fólk sem leggur hjálparhönd telur sig ekki vera að vinna nein afrek. Það óskar ekki eftir að hljóta neina umbun fyrir að nokkru tagi; allt er því sjálfsgöður hlutur.

Þetta hefur komið í ljós núna í sambandi við náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum. Og þeim hinum sömu og rétt hafa hjálparhönd er ljóst að þeir sem mestu afrekin hafa unnið eru Vestmannaeyingarnir sjálfir, sem við skipulagningu hjálparstarfsins hafa ekki unnað sér nokkurrar

hvilðar og hafa unnið sleitulaust nú sólarhringum saman. Og ekki er síðra afrek þess fólks sem með ædruleysi og rósemi tók því sem að höndum bar, og með rósemi sinni og öryggi beinlínis hjálpaði til við að unnt var að tæma einn stærsta kaupstað landsins nær algjörlega að fólki á örskömmum tíma. Á sama hátt og gosið í Helgafelli mun í minni haft meðan land er byggt mun þess afreks minnt er Vestmannaeyingar hópuðust á land í bátum og flugvélum á einni nóttu og hversu skipuleggjendur Eyjamanna brugðust við af óbilandi öryggi.

Ef einhver vill þó sérstaklega nota sér atburðina í Eyjum til þess að varpa dýrdarljóma á sjálfan sig ætti hann að geyma það til annars tíma — allar tilraunir til slíks nú eru ósmekklegar.

Náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum geta haft gífurleg áhrif á íslenskan þjóðarbúskap. Vestmannaeyjar hefðu líklega að öllu forfallalaus skilað á þessu ári allt að þremur miljörðum króna til útflutningsins. Enda þótt unnt reynist að vinna annars staðar einhvern hluta þess sem Eyjamenn hefðu ella unnið, er hætt við að skerðing á tekjum þjóðarbúsins verði samt veruleg, haldi svo fram sem horfir. Jafnframt geta Eyjamenn sjálfir orðið fyrir geysilegu tjóni hvort sem það er metið eftir manngjum mælikvörðum einum saman eða fjármunum. En vafalaust verða landsmenn allir jafnreiðubúnir að leggja fram aðstoð til þess að bæta Eyjamönnum tjón þeirra og tjón alls þjóðarbúsins eins og þeir voru reiðubúnir til að leggja fram skyndihjálpa. Slíkt mun enginn telja eftir sér.

# Eins og ein stór fjölskylda þegar á reynir

Sagði Björn Tryggvason  
formaður Rauða kross Íslands

— Það hefur aldrei betur komið í ljós en nú, þótt áður hafi verið á það minnt, að við Íslendingar erum ein stór fjölskylda um leið og eitthvað hjátar á hjá okkur. Ég hef að visu orðið var við hina ríku samhjálp Íslendinga, en þó hefði mig ekki óráð fyrir því að hún væri jafn mikil og raun varð á sl. þriðjudag og raunar í gær líka, þegar aðstoða þurfti rúmlega 5000 vegalausa Vestmannaeyinga hér í Reykjavík. Það er Björn Tryggvason, formaður Rauða kross Íslands, sem segir þetta, en hann og hans fólk hjá RK tók við Vestmannaeyingunum um leið og þeir voru komnir inn fyrir borgar-

mörkin, og eftir það var það RK sem sá um alla aðstoð við fólkið. Við röbbuðum stuttlega við Björn um þetta starf RK í gærðag.

— Ef við byrjum á byrjuninni, Björn, hvernig skipulögðu þið ykkar starf hér í Reykjavík?  
— Það var hringt í okkur hjá RK strax um nóttina og við beðnir um að veita aðstoð. Okkur starf var að sjá um móttökurnar á fólkinu þegar það kæmi til borgarinnar og sjá um allan undirbúning þess mikla verks. Ég vil taka það strax fram, að RK-deildin hér á Íslandi hefur aldrei lent í neinu þessu líkt, þannig að við höfðum ekki yfir neinni eigin reynslu að búa. Hins vegar höfum við aflað okkur eins mikilla upplýsinga og okkur var unnt um það hvernig RK-deildir út í heimi starfa í svona neyðarástandi og fórum eftir þeim lærdómi að miklu leyti.

Nú, við byrjuðum á því að fá husnæði í skólunum og var búið að opna þá um kl. 7,30, enda fór fólkið að koma upp úr kl. 8. Við fengum fyrst og fremst þá skóla, sem hafa kaffiterur, þannig að aðstaða væri til að hita mat handa fólkinu. Allt

starfsfólk skólanna, kennarar, og starfsfólkið í kaffiterunum var þá allt komið til starfa.

Þá höfðum við samráð við lögregluna um að jafna fólkinu niður á skólana, þannig að ekki myndast of mikil pressa á einhvern einn eða tvo skóla. Þetta tókst mjög vel. Þá var fólkið látið hafa fjölrituð spjöld, sem við utbjuggum strax um nóttina, þar sem það skræði nöfn sín og barna sinna, og um leið var því sagt í hvaða skóla það ætti að fara. Það sýndi svo þessi spjöld, þegar það kom í skólana, og það fékk ekki leyfi til að yfirgefa þá nema það segði hvert það ætlaði að fara og var þetta gert til að missa ekki af neinum. Þar með höfðum við komið upp skrá yfir alla sem komu til lands.

Múlakaffi og matsveinskólinn sáu um alla matseld með mikilli þryði, og hófu þessir staðir undirbúninginn strax um nóttina. Þá fengum við einnig mjólkurvörur frá samsölunni. Var þetta svo allt til reiðu þegar fólkið kom.


— Þið hafið ekki verið í neinum vandræðum með að fá starfsfólk í skólana?

— Nei, það er nú eitthvað annað. Það buðu sig fram til starfa mun fleiri en við höfðum not fyrir. Ætli það hafi ekki eitthvað í kringum 100 manns starfrh. á bls. 15



Starfsfólk Rauða krossins tekur hér á móti Vestmannaeyingunum í einum skólanum og skráir þá niður.

## Tilburðir Danakonungs til að bægja Englendingum frá fiskveiðum og verzlun við Vestmannaeyjar



Veiðiskip fjarlægja þjóða á Norðurhöfum undir lok miðalda.

# Danskir og Enskir fyrrum við Eyjar

I formála fyrir nýrri útgáfu af Reisubók séra Ólafs Egilssonar sem kom út fyrir nokkrum árum gerir Sverrir Kristjánsson sagnfræðingur grein fyrir sjóveldi Dana á Norðurhafi fyrir og um þann tíma sem Tyrkjaránið gerðist. Einnig skýrir hann frá tilburðum Dana til landvarna hér. Verður þetta að nokkru endursagt með beinum og óbeinum tilvitnunum hér á eftir.

A 16. öld voru miklar viðsjár með Dönum og Svíum um yfirráð yfir Eystrasalti og efluðu Danir mjög skipasmíðar sínar. Voru orlogsskip þeirra orðin um 60 árið 1611. Nokkru fyrr taka Danakóngar að krefjast yfirráðaréttar yfir norðurslóðum Atlantshafs, frá Noregi um Ísland og allt til Grænlands. En þá rákust þeir á hagsmuni Englendinga.

Vitað er, að allt frá upphafi 15. aldar og sennilega löngu fyrr, sóttu Englendingar mjög til Íslands og stundugu fiskveiðar og verzlun við landsmenn og áttu jafnan í útistöðum við umboðsmenn konungs. Þeir fengu

snumma augastað á Vestmannaeyjum, sem voru orðnar konungseign fyrir síðaskipti. Sagt er, að Englendingar hafi komið sér upp virki í Vestmannaeyjum og á 16. öld héldu þeir þar kaupstefnur fyrir sunnlendinga.

I kjölfar síðaskiptanna, þegar Danakóngur varð einn mesti jarðeigandi á Íslandi, seilist hann til annarra landsnytja. Árið 1558 tekur hann að sér alla verzlun í Vestmannaeyjum og felur kaupmanni sínum þar sýsluvöld og umboð. Árið eftir er hirðstjóra falið að eyðileggja fiskibáta er Englendingar gera út frá Vestmannaeyjum. taka duggur

þeirra, er væru við veiðar á miðunum, og færa til lands, en gera upptækan afla og skip.

Yfirleitt skipa Vestmannaeyjar mikinn sess í ráðstöfunum Dana um landvarnir og atvinnumál Íslands á þessum tímum. Svo verðmæt var hún sem veiðistöð og verzlunarpláss.

A síðasta áratug 16. aldar má sjá þess merki, að Englendingar sigla enn sem fyrr til Vestmannaeyja og eiga verzlun við þegna konungs, og þess er getið að verzlun þeirra aukist með hverju ári. Þá hafa Englendingar einnig tekið upp þann sið að halda duggum sínum til fiskjar milli lands og Eyja. Kaupmanni konungs í Vestmannaeyjum, Poul Pedersen, var skipað að leggja hald á öll þau skip Englendinga, er væru á þessum slóðum, og einnig þau, er væru tvær vikur sjávar norðaustur af Eyjum, og flytja þau til Kaupmannahafnar.

Þegar hin danska einokunarverzlun var lögleidd á Íslandi í byrjun 17. aldar var endir bundinn á verzlun Englendinga sem annarra erlendra þjóða hér á landi. En í sama mund óx vandi Danastjórnar, ekki sízt við að vernda dönsk kaupfór Íslandsverzlunarinnar. Þegar 17. öldin gekk í garð, gerðust enskir sjóvikingar djarftækari en áður.

Árið 1601 hefndu Englendingar sín á Dönum fyrir gamlar mótgerðir og rændu á hafi úti dönsk kaupfór frá Vestmannaeyjum. Nokkrum árum síðar, 1614, gengu enskir sjóráningjar á land í Vestmannaeyjum og áttu þar dvöl í tvær vikur. Foringi vikinganna hét John Gentelmann, og rændu þeir og ruðuðu öllu, sem hönd á festi, en spilltu því, er þeir vildu ekki nýta. Ekki drápu þeir menn né smánuðu ærlegt kvenfólk, að því er segir í heimildum; létu sér nægja að hræða Eyjamenn. Meðal herfangs þeirra var hin mikla klukka Landakirkju, en henni var skilað aftur að boði hins guðhrædda Englakonungs, Jakobs I. af ætt Stúarta. Rán þetta var eitt hið mesta, sem sögur fóru af á Íslandi til þessa.

Þetta leiddi til þess að nokkrum misserum síðar gerði danska stjórnin út mikinn skipaflota til eftirlits á öllum sjóleiðum hins mikla innhafs Danaveldis. Var Jörgen Daa, skipstjórnarmanni og höfuðsmanni í Holbækshöll, falið að sigla sex herskipum norð-ur með Noregi öllum, beita bæði afl og kænsku og drepa og með öllu leggja að velli svo vel skip-herra sem skipshafnir hins erlenda flota. Að því búnu skal hinn danski skipafloti sigla til Færeyja. Íslands og Vestmannaeyja, og ef hann finni þar þvillika sjóráningja og hvalveiðimenn skal hann fara fram við þá sem hina fyrr.

Þessi leibangur var sá mesti, sem danska stjórnin hafði gert út til öryggis á sjóleiðunum. Hin næstu ár hafði Danakonungur venjulega tvö herskip til eftirlits á siglingaleiðinni til Íslands og Færeyja. Árið 1626 er þess getið í fyrsta skipti, að herskip fylgi dönskum kaupfórum yfir hafsið, raunar aðeins hálfu leið milli Færeyja og Íslands.

Venjulega voru tilskipanir dönsku stjórnarinnar var ferðir herskipa gefnar út í aprilmánuði eða byrjun maí-mánaðar. En árið 1627, Tyrkjaránsárið, var tilskipunin um siglingu herskipanna ekki útgefin fyrr en 20. júlí, degi síðar en Tyrkir undu upp segl og héldu frá Vestmannaeyjum til Barbaríu.

En Tyrkjaránið, sá mikli atburður í lífi Vestmannaeyinga, tilheyrir öðrum kapitula og verður þessi saga ekki rakin lengri að sinni.

Samantekt h—

## Söfnuðu leikföngum og gáfu börnum úr Eyjum

Samhjálp okkar Íslendinga kom hvað best í ljós við atburðina í Vestmannaeyjum, og hún náði allt frá litlum börnum og til fullorðins fólks.

Við fréttum af því að nokkrir litlir krakkar í Arbæjarhverfinu tóku sig saman og gáfu hvert eitt nokkuð af leikföngunum sínum og fóru með þau uppi Arbæjarskóla, þar sem litil börn úr Vestmannaeyjum voru allslaus eins og allir sem komu úr Eyjum.

Þar gáfu Arbæjarkrakkarin jafnöldrum sínum úr Eyjum leikföngin svo þau hefðu eitthvað til að leika sér að þennan erfiða dag. — S.ðr.

## Frá ríkisstjórninni

Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í gær að beina því til almennings að snúa sér beint til Rauda Kross Íslands og Hjálparstofnunar Þjóðkirkjunnar með allar væntanlegar gjafir og fjárhagsaðstoð til Vestmannaeyinga vegna tjóns þeirra af völdum náttúruhamfaranna í Eyjum.

Reykjavík, 24. janúar 1973.

## Skattamál Eyjabúa

Ríkisskattstjóri tilkynnti í gær, að hann hefði ákveðið að framlengja framtalsfresti Vestmannaeyinga: þeir þyrftu ekki að skila framtölum sínum 31. janúar eins og aðrir. Ríkisskattstjórnin tæki framtöl þeirra gild þó að þau kæmu ekki fyrr en mánuði síðar.

## Margfalt fleiri umsóknir bárust

Alþýðusamb. auglýsti í gær að það hefði ákveðið að gefa Eyjamönnum í húsnæðishraki kost á því að búa í orlofshúsum að Ölfusborgum. Strax og auglýsingin kom í útvarpi tropýflútt allt hjá Alþýðusambandinu. Varð að bæta við starfsfólki á skrifstofu þess til þess að anna umsóknunum. Umsóknafjöldi varð margfalt meiri en unnt var að sinna. Var ákveðið að skipa nefnd verkalyðsfélaganna í Eyjum til þess að úthluta þeim sem verst eru staddir. Kemur nefndin saman til fundar fyrir hádegi í dag.

Björn Bjarnason:

# LÍFEYRISSJÓÐIRNIR OG ATVINNUREKENDUR

Þó ekki séu líðin nema þrjú ár frá tilkomu skyldu-lífeyrissjóðanna eru þeir ófár, sem notið hafa góðs af þeim. Lánveitingar sjóðanna hafa gert mörgum, sem annars hefðu ekki átt þess kost, mögulegt að eignast þak yfir höfuðið. En öðru hverju rísa upp ljón á vegi launþeganna, sem hindra þá í því að njóta þessa réttar en það eru vanskilamennirnir í hópi atvinnurekenda. Þau tilfelli eru, því miður, allt of mörg, að atvinnurekendur trassi greiðslur sínar til lífeyrissjóðanna og vanræki að skila því fé er þeir hafa dregið af kaupilaunþega og valda með því réttindamissi launþegans, gagnvart lífeyrissjóðunum. Aðalsökina á þessu

eiga þeir atvinnurekendur, sem greiðsluna trassa, en í sumum tilfellum eiga lífeyrissjóðirnir líka sök, vegna þess að láta atvinnurekendum líðast að safna skuld um langan tíma, án þess að beita hörðum innheimtuáðgerðum gagnvart þeim. Í þeim tilfellum tel ég lífeyrissjóðina vera ábyrga gagnvart launþeganum, sem atvinnurekandinn hefir dregið gjaldið af, en vanrækt að skila. Og ef svo atvinnurekandinn verður gjaldþrota, hver á þá að líða tjónið? Er það launþeginn sem skilvislega hefir greitt sitt gjald, eða hver? Úr þessu yrðu sjálfsgætt dómstólarnir að skera en eins og allir vita er sú leið vægast sagt seinfarin.

Ég vek máls á þessu hér af því ég tel þetta ástand með öllu óvið-undandi fyrir launþegana og að verkalyðshreyfingin verði að láta málið til sín taka og tryggja það að réttur launþegans verði fullkomlega tryggður. Því eins og nú horfir fer það að verða naubyn fyrir hvern þann er ræður sig til starfa hjá fyrirtæki að kynna sér hvernig viðkomandi fyrirtæki stendur sig gagnvart þeim lífeyrissjóði, sem það á að greiða í. Jafnhliða verður þá hvert verkalyðsfélag að semja „Svartan lista“ yfir þau fyrirtæki, sem ekki standa í skilum, til afnota fyrir meðlimi sína, svo að þeir geti varazt þau.

## VILBORG HARÐARDÓTTIR SEGIR FRÉTTIR FRÁ EYJUM

## „Stöðvist gosið er bezt að forða sér sem fyrst”

Frá fréttaritari Þjóðviljans, Vilborg Harðardóttur, í Vestmannaeyjum kl. 3 í gærdag:

Mikil breyting hefur orðið á gosinu síðan í gærkvöld. Mesta gosið er nú sambjappað í stórra gígkvos ofar og nær Helgafelli, og var gífurleg sprenging þar um hádegisbilið.

Rétt í þessu var ég að koma úr leiðangri frá gosstöðvunum og Kirkjubæjarþyrpingunni. Þar er fyrsta húsið farið, hús Péturs Gubjónssonar sem var austasta hús byggðarinnar. Þar kveikti hraunflogsa í því um 7-leytið í morgun og brann þakhæðin og aðalhöð, en steinveggirnir standa enn. Þegar ég fór þangað í morgun um kl. 10 virtist hraunið litlu nær en í gær, það er 150–200 metra frá húsunum, en núna rétt áðan var hraunjaðarinn kominn yfir girðinguna á garðinum kringum hús Péturs, og aðeins 40–50 metra frá líbúðarhúsi Þorbjörns bónda á Kirkjubæ.



Þarna eru menn að störfum við að koma búsmunum úr Kirkjubænum fyrir á vörubilsplalli áður en þeir verða náttúruhamförum að bráð. Mynd tekin í Vestmannaeyjum í gær. (Ljósmynd v.h.)

#### Preyttir menn og daprir

Úr þessum húsnum austast á eyinni var byrjað að flytja í gærkvöld þegar séð var hvert stefndi. Voru það preyttir menn og daprir, bændurnir sem þarna hömdu, ust við að flytja út búslöð sína eftir að hafa verið við slátrun nautgripanna allan daginn. Eg vil síður en svo gagnrýna hér heild-

araðgerðir á neyðarstundu, en með þeim mannafla, sem er þó hér í Eyjum, hefði mátt skipuleggja hjálp þeim til handa við slátrunina.

Piltar úr hjálparveit skáta hjálpuðu meðal annars til við flutningana, og var húsögnum, heimilistækjum og öðru dóti komið í fyrir í bílskúrum og nýbyggingum í húsnum vestast í kaupstaðunum.

#### Rafmagn tekið af

Rafmagn var tekið af austurbænum strax síðdegis í gær, þar sem búast mátti við skammlaupi. Fleirum finnst sem mér, að ef til vill hafi of margir farið úr eynni af fljótt. Þarna var til dæmis Jóhann Oskarsson að aðstoða íbúa austustu húsananna, og fannst honum of mikið lagt á þá menn, sem búið væru að standa fyrst

við að bjarga gripum úr húsi, síðan við slátrun og nú við flutningana. Hann sagði mér að fengirnir hefðu verið menn af Gíafari til þess að hjálpa til við flutningana áður en þeir fóru aftur í land. Sjálfur sagðist hann hafa sent konu sína með tvö börn í land, en viljað vera eftir og hjálpa til þar sem þyrfti, og áleit hann að of fáir karlmenn hefðu orðið eftir fyrir utan þá sem beinlínis væru bundnir við akveðin störf, eins og til dæmis við vélgæzluna í frystihúsum.

#### Vantaði 10 menn úr landi

A bæjarstjórnarskrifstofunum var verið að ræða þetta mál í morgun og bjóst Magnús Magnússon, bæjarstjóri, við að kalla til hjálpar 10 manna lið af landi til aðstoðar við flutninga. Hann tók fram að koma yrði í veg fyrir að þetta lið færi að huga að sínu, eins og þeir sem hingað komu í gær gerðu, heldur yrði að ganga í að bjarga úr húsnum austurhlutans. „Okkur vantar 10 menn sem ekki hugsa um sjálfa sig”, sagði Magnús.

Við lískönnun hafði komið fram, að hér eru nú um 20 lög- regluþjófar, 10 menn í hjálparveit skáta og 15 í slökkviliðinu, sem jafnframt mynda björgunar-

## „Allir verið okkur hjálplegir”

Í fyrrkvöld var sagt frá því í fréttum sjónvarpsins að 40 Vestmannaeyvingum hefði verið komið fyrir í einu og sama húsinu. Við ákváðum að kynna okkur málið og höfðum upp á húsinu. Þetta reyndist vera að Meðalbraut 14 í Kópavogi hjá Sigurði Ólafssyni.

Þegar okkur bar að garði var okkur sagt að um morguninn hefðu verið um 35 manns þar í morgunkaffi, en tala þeirra, sem verið höfðu þar í nótt, var 14 Vestmannaeyingar og þrjú heimilismenn. Vildi svo vel til að kjallari hússins, sem er einbýlishús, stóð auður.

Þetta eru þrjár fjölskyldur og eru þær allar skyldar eða tengdar húsráðanda. Tvær kvennanna eru dætur Sigurðar, og maður annarrar og þriðja konan eru systkin (börn Binna heitins í Gröf).

— Við komum ekki með neitt með okkur nema fútin sem við stöndum í. Við flyttum okkur strax út því við óttuðumst að koma myndi jarðskjálfti og þannig var með flesta.

Tveir mennanna eru skipstjórar og fóru fjölskyldur þeirra með þeim, en þriðja fjölskyldan fór með öðrum bát. Í Þorlákshöfn var löng bíð þar sem bátana bar svo ört að þegar þangað kom hafði Ólafur Snorri, sonur Sigurðar, fengið lánaðan bíl hjá Strætisvögnum Kópavogs og fyllti hann blinn af fólki og farangri. Síðan var öllu ekið heim að Meðalbraut.

— Móttökurnar hér hafa verið alveg frábærar. Hingað kom fólk úr Keflavík með fót á



Heimilislíð fólk að Meðalbraut 14. Konan með kornabarnið er Arndís/dóttir Sigurðar, og er barnið aðeins fjögurra vikna gamalt. Fyrir aftan hana stendur maður hennar, Herbert Armannsson, matsveinni, og bróðir, Jón Sigurðsson vélstjórnari. Konan með húfunu er Asthildur, eiginkona Herberts og dóttir Sigurðar.

börnin, maðurinn í næsta húsi, sem er eigandi verzlunarinnar Híbylaprófi, hefur búið okkur úr húsögnum að ógleymdri rausn Sigurðar, sem hefur látið okkur hafa kjallaraubúðina til frambúðar. Við viljum koma á framfæri miklu þakklæti til allra þeirra sem hafa hjálpað okkur í hrakningum.

— Nú eru allar ykkar eigur í Eyjum?

— Já en það stendur til að reyna að komast til Eyja í kvöld að ná í eitthvað af dóti. Benóný Benónýsson (sonur Binna og tengdasonur Sigurðar) er eigandi Gullborgarinnar og hann ætlar að freista þess að komast út klukkan 8 í

kvöld ásamt Ólafi Snorra og Jóni bróður hans.

Sigurður sagði að ekki hefði verið nema sjálsagt að hysa fólk. Þeir voru aðeins þrjú í húsinu og kjallarinn auður. — Það hefur lengi staðið til að leigja kjallaraubúðina, en ég hef alltaf staðið á móti því. Það kom sér vel núna að hún

var óleigð, sagði hann.

Þrátt fyrir öll þau ósköp sem yfir fólk höfðu dunið var það hið hressasta og ekki virtist kimmigáfan hafa orðið fyrir neinu áfalli. Sagði fólk að ekki dygði annað að svo komnu máli, en vona þá besta.



Logandi grjóthnullungar hafa flogið vítt um byggðina í Vestmannaeyjum og nú þegar kveikt í þremur íbúðarhúsum. Hér sést Sigurður Steinþórsson jarðfræðingur með einn, sem farið er að kólna, í hendi. (Ljós m. v. h.)

lið Vestmannaeyja. Magnús var talsvert áhyggjufullur, þar sem gosið var orðið svo miklu samþjappaðra og kröftugra, og minnsti orða jarðfræðinga, að mest væri hætta ef gígsprungan lokadist, eins og hún hefur nú þegar gert sunnan til.

**Hraunið tekur sennilega austustu húsin**

Ég gekk áðan ásamt Gauta Gunnarssyni meðfram efri og syðri gígnum og virðist nú alveg hætt að gjosa úr syðri enda sprungunnar þótt víða rjúki, sums staðar svo að maður stendur á öndinni af eiturloftinu. Þarna var Sigurður Þórarinnsson aftur kominn ásamt fleiri jarðfræðingum, þar á meðal einum útlendingi. Taldi Sigurður öruggt að hraunið tæki austustu húsin mjög bráðlega, svo hratt sem hraunjadarinn gengur fram. Enn sem komið er er aðalbyggðin þó ekki í hættu, en ef hraunið heldur áfram að renna út í sjóinn, er hætt á, sagði Sigurður, að það hlaðist þar upp, hækki, og fari þá jafnvel að renna í vestrátt, það er til byggðarinnar.

„Náttúran hefur sannarlega bætt upp það mikla magn ofanburðar sem grafið hefur verið úr Helgafelli til að bera á flugbrautirnar, en verst er ef hún ætlar að bera á götur alls bæjarins“, sagði Sigurður. Auk hættu á hraunrennsli meðfram og frá sjónum sýnast austurveggir gígsprungunnar hafa hækkað ískyggilega og eru nú mun hærri en vesturveggirnir, þannig að ef rennsli til sjávar stanzar og mikið hækkar í gígnum er hætt á, að út úr flói til vesturs.

**Önnur vatnsleislan í hættu?**

Við gengum niður með hrauntungunni til sjávar, og stefnir aðalstraumurinn í átt til Elliðaeyjar, en ekki gat ég betur séð en hraunið væri líka þar að breiða talsvert úr sér til vesturs. Það er undarleg sjón að horfa á logandi grjótlejuna renna í hvítissandi sjóinn, þar sem grjótið springur við hitabreytinguna og þeytist upp í loftið. Virtist okkur sem önnur vatnsleislan, sú sem nær liggur Heimaey, væri í hættu nú af hraunstraumnum, en hin liggur öll miklu fjær eyinni. Uppi við Kirkjubæ var enn verið að flytja úr nálægum húsum og þar voru komnir kvikmyndamenn frá BBC, sem ætluðu að ná svo góðum myndum af gosinu að þeir bönduðu öllum í burtu, og lá við að þeir rækju frá þá sem unnu við flutningana.

**Heljar hraunflyksa...**

Þegar við komum úr fjórundi vissum við ekki fyrri til en heljar hraunflyksa þeyttist glóandi til

jarðar í ekki meir en fimm til sex metra fjarlægð frá okkur. Var hún á að gízka sjötíu sentimetra í þvermál, og var upphafið að miklu grjótflogi þarna yfir austustu byggðina, svo að menn flyðu hver sem betur gat undan þessu. Flestir ganga hér um með hjálma til hlífðar, en jafnvel hjálmur myndi lítt stöða gegn jafn stórum flyksum og þarna flugu yfir. Sigurður Þórarinnsson hefur áhyggjur af ösku, en því meira gos sem er úti í sjónum því meiri aska fylgir því. Talsverð aska fylgir gosinu nú þegar, en vegna hagstæðrar vindáttar hefur hana ekki lagt yfir bæinn. Vestmannaeyingar segja mér reyndar að gagnstæð vindátt, það er að segja úr austri, sé hér venjulegst, svo segja má að veðurguðirnir hafi hingað til verið hlíðholir Eyjabúum.

**Tóku bíla til Reykjavíkur**

Það snjóði dálítið í nótt og var Helgafell grámað í morgun, en eftir hádegi gekk á með hagleði. Hekla kom hér í morgun og tók 70 bíla í land og Laxfoss 32. Er ekki nema von að hálfheimilislaust Eyjafjöklið í Reykjavík vilji að minnsta kosti fá bílana sína til að geta frjálslir farið ferða sinna, burt séð frá verðmætinu. Í Vestmannaeyjum eru flestir bílar á mann á Íslandi og hér eru sennilega einnig bezt búnu hús og heimili, og er þá langt til jafnað. En ríkidæmi fólks hér byggist ekki á öðru en dagnabi þess sjálfs og harðneskju við vinnu, og það

sem gróðamenn leggja í fjárafla-fyrirtæki leggur fólk hér í heimili sín. Lausafé er því ekki fyrir hendi og hafa bæjarstjórnarmenn hér nú af því talsverðar áhyggjur hvernig þessu fólki vegni í landi, enda þegar komið í ljós, að margt af því er peningalaust þegar það er nú ekki lengur í daglegri vinnu. Gauti Gunnarsson sem kom með Hofsjökli í morgun til að sækja sengurfatnað og aðrar vistir var t.d. ákveðinn í að fá sér til bráðabirgða vinnu í Reykjavík og svo var um fleiri sem hann hafði rætt við. En hætt er við að jafnvel þótt vantað hafi vinnuafli í frystihúsin á Suðurnesjum að undanförunu geti orðið erfitt um vik að útvega öllum Eyjabúum vinnu og viðunandi husaskjól.

**Vildi helzt fá fólk sem fyrst til baka**

Einn atvinnurekenda hér, Einar Sigurjónsson hjá Ísfallinu, var heldur svartsynn þegar ég hitti hann í morgun og mjög reiður yfir bláflutningunum, því að það myndi halda fólki lengur í landi, áleit hann. Hann vildi helzt að fólk kæmi sem fyrst til baka og færi að vinna. Nokkuð hefur þessi möguleiki verið bollalagður hér manna á meðal, einkum vegna þess óhemju taps sem það verður fyrir byggðarlagið að missa nú af loðnuverðinni sem var um það bil að hefjast. Loðnuþrærnar eru yfirleitt ekki yfirbyggðar, og þótt í sjálfu sér væri hægt að vinna aflann mundi alltaf vofa yfir að allt eyðilegðist jafnóðum af ösku.

**Fiskur fluttur burt**

Um borð í Hofsjökli ræddi ég við Pál Thorp, skipstjóra, og Einar Kvaran, sem kominn var fyrir Sölmubístöð hraðfrystihúsanna til að hafa umsjón með fiskflutningunum. Páll átti vart orð til að lýsa þeim áhrifum sem hann varð fyrir, er hann sigldi hingað inn. „Ég sá nýtt land“, sagði hann, „land, sem ég hef aldrei séð áður, nýjan tanga út í sjóinn og langan fjallgarð“. Hann sagði að Hofsjökull gæti tekið alls 2300 tonn af frystum fiski, svo hann mun taka allt sem hér er í húsunum núna, sem telst vera um 2100 tonn, sagði Einar. Kemur þetta úr frystihúsum fimm sem hér eru, Hraðfrystistöðinni, Ísfallinu, Vinnslustöðinni, Fiskidjunninni og Eyjabergi. Þetta er alls konar fiskur, en mest ufsi og verðmætið metið á 130–140 milljónir króna. Klukkan tíu í morgun voru komin 170 tonn um borð, og átta þeir Páll og Einar varla von á að hleðslu lyki í dag. Á morgun er von á Disarfellinu til að sækja saltfiskbirgdir, en þær eru taldar vera samanlagt í vinnslustöðvunum milli 6–700 tonn af fullunnu og þurrkuðu, auk þess sem er í þurrkun, en aðeins hluti þessa magns er pakkað.

Dálitið er deilt um það hér hvort vinna eigi við uppskipun í nótt og finnst heimamönnum það sjálfsgagt með tilliti til þeirrar hættu sem höfnin getur komizt í af hraunstraumnum, en yfirmenn SH munu vilja spara nátturvinnuna.

Frh. á bls. 15

**Tilkynning frá bæjarstjórn Vestmannaeyja:**

**Flytja bíla en ekki búslóðir eða atvinnutæki**

Bæjarstjórn Vestmannaeyja og Almannaavarnaráð hafa í dag haldið sameiginlegan fund í Vestmannaeyjum og rætt ástand það sem skapazi hefur í Vestmannaeyjum vegna náttúruhamfaranna. Fundinn sátu auk þess jarðfræðingarnir Sigurður Þórarinnsson prófessor, Þorleifur Einarrsson og Þorbjörn Sigurgeirsson prófessor ásamt bæjarteknifræðingi og slökkviliðsstjóra kaupstaðarins. Af öryggisástæðum er nauðsynlegt að takmarka fjölda þeirra sem til Vestmannaeyja koma. Mun verða leitt við að skipuleggja ferðir Vestmannaeyja með skipum milli lands og eyja þannig, að þeim gefist færi á að huga að eignum sínum. Að svo stöddu mun verða miðað við það að fólk fái tækifæri til að sækja nauðsynlegustu smærri lausamuni svo sem fatnað. Það er miðað við að dvöl í Vestmannaeyjum verði eftir atvikum sem svarar dagstund. Stefnt verður að því að flytja einkabíreiðir til lands en hins vegar er að svo stöddu ekki talið fært að stúbla að flutningi búslóðar eða atvinnutækja.


Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur opnað skrifstofu í Reykjavík í Hafnarbúðum. Verkefni þessarar skrifstofu er að aðstoða Vestmannaeyinga sem nú eru í Reykjavík og víðar og vinna í náinni samvinnu við Almannaavarnaráð og bæjarstjórn en fulltrúar hennar munu verða til viðtals í Reykjavík. Eru Vestmannaeyingar hvattir til að hafa samband við þá skrifstofu um málefni sín. Skrifstofa þessi mun hafa milligöngu um alla fyrirgreiðslu svo sem ferðir til Vestmannaeyja, um flutning bifreiða og um eftirlit og varveizlu huseigna. Vestmannaeyingar eru í þessu skyni beðin að afhenda húskykka, ef ástæða er til að huga að miðstöðvarkerfi og ljósum, svo og ef rýma þarf hus nálægt gosstöðvunum, einnig lykja að einkabíreiðum sem óskad er eftir flutning á.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja og Almannaavarnaráð álitu að beita eigi öllum ráðum til að varveita byggð í Vestmannaeyjum óskerta meðan á náttúruhamförnunum stendur og munu þessir aðilar hoga starfi sínu í samræmi við það.



**Nefnd útgerðarmanna í Eyjum**

A fundi útgerðarmanna frá Eyjum í Hafnarhvoli í gærmorgun var kjörin nefnd til að sjá um málefni útgerðarmanna. Þessir menn voru kosnir í nefndina: Björn Guðmundsson, Guðlaugur Stefánsson, Þorsteinn Sigurðsson, Óskar Matthíasson, Lárus Arsalsson og Ingólfur Arnarson. Þegar er farið að ráðstafa Eyjabátum á verstöðvar hér á Suðurnesjum.



Sigurður Steinþórsson, jarðfræðingur gengur um túnin í Kirkjubæ í fyrradag. Hvergi sést stingandi strá.



## Blái krossinn

Framhald af 13. síðu.

krossinn sé allt að því lífsnaðsýn að hafa einn fastan starfsmann bendir ekkert til að svo geti orðið í bráðina, því sjóðir eru engir. Þess má þó geta, að girónúmer hans er 13000. Blái krossinn er meira heldur en táknið eitt, — hann er líka tæki, tæki þeirra, sem sam-einast vilja til aðfarar, að hinu ört vaxandi bóli sem af ofdrýkkju leiðir. Hann er baráttutæki þeirra, sem ekki vilja sætta sig við það, að alkoholismi fái að búa um sig með þjóðinni án þess að tilraun sé gerð til að hefta hann.

## Réttur

Framhald af 2. síðu.

komandi ári mikió átak til að útvega nýja áskrifendur. Enn er það svo að hver nýr áskrifandi, er þess óskur, fær árgangana 1968 til 1972 fyrir 100 kr. árganginn, að viðbættu sendingargjaldi, er hann hefur greitt árgjald sitt. Gildir þetta þó fyrst um sinn, meðan birgðir enn endast. En á þær gengur, svo bezt er að bregða við sem fyrst fyrir þá, sem eignast vilja nýja Rétt. Árgangurinn 1967, hinn fyrsti í nýja forminu, kostar 200 kr. og er lítið til af honum.

Fyrir hvern sósíalista, hvern verkalyðs- og þjóðfrelsis-sinna, er „Réttur“ ómetanlegt vopnabúr sem ætíð þarf að hafa við höndina. Því er efling hans og útbreiðsla allri hreyfingunni nauðsyn.

## Ein fjölskylda

Framhald af bls. 6.

ad hjá okkur á þriðjudaginn. Sjálfboðaliðar streymdu að og mörg kvenfélög buðu fram aðstoð sína.

— Gekk ekki einnig vel að koma fólki fyrir á einkaheimilum?

— Jú, mikil ósköp. Fólk kom í hófum og bauð Vestmannaeyingum heim til sín, eða sagði okkur að það hefði nóg húsnæði til að taka á móti fólki. Það fór líka svo, að allir nema 14 manns fengu aðstoðu á einkaheimilum, og mjög margir hjá okunngnu fólki, sem kom í skólana og bauð fólkinu gistingu. Samhjálpin var alveg ótrúleg.

— Attir þú von á því að samhjálpin væri svona mikil hjá Íslandinu?

— Ég vissi að hún er mikil, en svona takmarkalausa hélt ég að hún væri ekki. —S.dór.

## Viðskilnaður

Framhald af bls. 4.

minn miljarðar farið í efnahagsaðstoð til Suður-Víetnams. Það fé hefur að litlu haldi komið, enda mikió af því runnið til stríðsgróðamanna og fundið ýmsar leiðir aftur út úr landinu — t.d. til Sviss-Bandarískur her hefur ekki aðeins eyðilagt akra og skóga og þar með höggvið á efnahagslegar forsendur samfélagsins, hann hefur einnig eyðilagt sjálfa félagslega byggingu þess. Áður en hann kom lífuð 85% landsmanna af landinu sem bændur og handverksmenn — nú eru þeir færi en helmingur. Fólk var hrakið frá heimilum heruðum til að Þjóðfrelsisshreyfingunni bærist ekki mannaflí þaðan — síðan var skotið á allt sem þar var kvíkt.

Fólkið flúði til borganna, þar sem enginn umtalsverður iðnaður er né lífsmöguleikar. Þriðjungur landsmanna er flóttafólk, hálf önnur miljón örkuumlamenn. Allmikið af þessu fólki neyddist til að draga fram lífið á þeirri spillingu sem verst þrífst kringum erlendan her: Bandaríkjamenn skilja eftir sig 200 þúsund hórur, margar sjúkar, hálfá miljón manna sem hafa verið í ymsu

snatti og þjónustu fyrir þá. Það er skýrt dæmi um þann usla sem Bandaríkin hafa valdið, að í fyrra flutti Suður-Víetnam út vörur fyrir rúman miljarð króna, en inn fyrir sem svarar rúnum 50 miljörðum.

— Og að svo gjörðu heldur Nixon hátíðaræðu og segir meðal annars: „Við skulum vera stoltir af því, að í hverri þeirra fjögurra styrjalaða, sem við höfum tekið þátt í, höfum við ekki barizt í okkar eigin þágu, heldur til að hjálpa öðrum til að standast árás“. Og hann mun sjálfsgagt, ásamt jábræðrum sínum, halda áfram að undrast það vanþakklæti sem bandarískt óeigingirni og hjálpmætir — í Víetnam og víðar.

(AB tók saman)

## Stöðugt gos

Framhald af bls. 9.

### Heitt vatn úr borholu

Varðskip er nú hér úti fyrir að reyna að mæla hraunstrauminn og stefnu hans til að hægt sé að gera sér grein fyrir hvort höfnin sé í hættu. Gufustrókurinn er mun meiri en verið hefur og liggur yfir sjóinn og alla leið yfir á Klettsnef. Það er hrikaleg sjón og ægiefugur að fylgjast með gosinu og væri hægt að standa og stara á það tímum saman. Drunurnar eru gifurlegar og ekki er hægt að tala saman í námunda við gosstöðvarnar, og jörðin titrar undir fótum manns. Sjórinn er vel volgur, og morgunin fór að vætla upp heitt vatn úr borholu rétt fyrir ofan Friðarhöfn, sem á sínum tíma var gerð til að leita að köldu vatni. Friðarhöfn er vestast í bænum, en að sjálfsgöðu er öll eyjan á virku eldstöðvasvæði þó að gosið sé austast. Meðan það heldur áfram þar er ekki veruleg hætta annars staðar á eyinni, sagði Sigurður Þórarinnsson, en stöðvist gosið er bezt að forða sér sem fyrst, sagði hann, því þá getur það brotizt upp hvar sem er annars staðar.

## Í Hafnarbúðum

Framhald af 5. síðu.

Bergsteinn Jónasson, hafnarvörð í Eyjum. Var hann að ganga frá stefnumoti við konu sína á Hressingarskálanum.

Bergsteinn er gjörkunnugur höfninni í Eyjum enda starfað þar sem hafnarvörður í tutugu ár. Að minnu mati held ég höfnina ekki vara í hættu að óbreyttum aðstæðum. Það er miklu meiri hættu með vatnsleiðsluna. Ef vatn vantar í Eyjum vantar einn af undirstöðupáttum mannlegs lífs.

Þetta er skelfilegt, ef hraunstraumur byrjar að renna úr vesturöxlinni inn yfir bæinn. Þá er ekki að sökum að spyrja og eins gott að fara að huga að öðrum bústað hér uppi í landi.

## Hús brunnu

Framhald af bls. 1

Eyjum mundi nú alls vera um 200 talsins.

### Nokkur matarskortur — vatnsleiðslan í hættu?

Nokkuð hefur boríð á matarskorti, en nú hefur maður frá Afurbæddi SIS opnað verzlun undir eftirliti lögreglunnar og mjólkurbúastjórinn hefur opið ákveðinn tíma á dag.

Er hið mikla mannvirki vatnsleiðslan í hættu, er spurning, sem margir hér velta fyrir sér. Magnús bæjarstjóri kváð svo ekki vera ennþá a.m.k., — en omögulegt væri að segja, hvað gerðist, ef gossprungun opnaðist lengra í norð-austur. Hann sagði, að erlendirar skuldir vegna vatnsveitunnar namu alls um 110 miljón króna, og er þar í reiknað eit gengisþryggt lán innlent. Átt

innlendirar skuldir nema milli 20 og 25 miljónum króna.

Ymsir atvinnurekendur vilja nú óðusir flytja atvinnutæki og velar burt úr Eyjum, en Magnús sagði, að bæjarstjórnarfulltrúar allir væru sammála um að standa gegn slíku, þótt það kynni að visu að vera vafasamt, hvort staðið yrði á þessari ákvörðun lögræðilega.

Það má ennfremur koma fram vegna óánægju margra Vestmannaeyinga yfir að vera ekki leyft að koma hingað aftur nú, að ástæðan er fyrst og fremst lífshættan. Það getur hvenær sem er opnað ný sprunga; og einnig er sú hættu, að höfnin lokist skyndilega. Þá vilja bæjarstjórn og almannavarnarráð ekki taka þá ábyrgð á sig, að eiga að koma miklum fjölda fólks heðan skyndilega.

### Verður sprengjum beitt í baráttunni við eldinn?

Rétt hefur verið um, hvort nokkrar ráðstafanir væri hægt að gera til að snúa hraunstraumunum við eða beina honum annað, ef hann tekur að stefna á aðalbyggðina frekar en orðið er, og sagði Magnús bæjarstjóri, að jarðfræðingar hefðu orðað nokkra möguleika, — m.a. að reyna mætti að deila vatni til að hefta forstraumins eða nota jarbyrtu til að ýta upp varnargarði. Einnig mætti hugsanlega sprengja farveg gegnum austurvegg gíg-sprungunnar, þannig að hraunstraumurinn rynni til sjávar frá byggðinni.

## Lúðvík

Framhald af bls.

miljarða króna, og stíkt hlýtur auðvitað að koma niður á landsmönnum öllum. Þar fyrir utan er svo beint tjón fólks og fyrirtækja í Eyjum, ef fólkið verður að yfirgefa eignir sínar og fyrirtækin lamast, en verða samt að standa undir margvíslegum fjárhagslegum skuldbindingum.

Heildartjón af framleiðslustöðvun í Vestmannaeyjum er vart hægt að áætla lengra en 3000 miljónir króna á ársgrundvelli, en þar fyrir utan er svo beint eignartjón Vestmannaeyinga sjálfra, sem ekki er á minu valdi að meta.

## Tryggingar

Framhald af bls. 1

það félag hefur tryggingu fískis og fiskiafursu í Eyjum

— Við erum með vélar og tæki sums staðar auk fískisins Þessi trygging nær þó ekki til skaða af völdum náttúruhamfara. Þessi trygging á vélunum er brunatrygging og trygging gegn tjóni af völdum amoniaks, sem er á kælikerfunum ef pönnur, slöngur eða rör í fyrstiklefum springa og amoniakið flæðir út, eins og oft skæður. Tryggingin tekur einnig yfir það ef vélarnar stöðvast og ekki er hægt að keyra þær svo frost fer af klefunum.

Ef hins vegar kviknaði fyrst í húsunum og síðar í bílum og tækjum þá nær tryggingin ekki yfir það, ef íkveikjan stafar af einhverju leyti af náttúruhamförum. Tryggingar vegna

náttúruhamfara er næsta ógjörningur að fá á okkar tryggingasvæði, nema þá fyrir svo gífurlegt gjald yfir erum trútryggingar, þar sem við erum á svo lífandi jarbeldasvæði.

En flotinn mun vera tryggður fyrir slíku að því er okkur virðist.

### Erfitt að úrskurða um bætur á fiskiskipum

Samabyrgð íslenzkra fiskiskipa hefur endurtryggingu allra fiskiskipa undir 100 smálestum. Forstjóri þeirra er Páll Sigurðsson, og varð hann fyrir svörum er við spurðum um tryggingu á bátunum. Hann sagði m.a.:

— Það er nú kannski ekkert létt að svara þessu. Bataabyrgðarfélag Vestmannaeyja er dælitíð sjálfstæðara en önnur bataabyrgðarfélög og hefur sér löggjöf. Það endurtryggir hjá okkur aðeins gegn alaskaða og fyrir björgun.

Ég hef nú ekki undir höndum samþykki þeirra, en hjá öðrum batatryggingafélögum er þessa ekki sérstaklega getið, það er bætur af völdum eldgos, en þó er þar talið undir bótaskyldutjón af völdum elds, eldinga og jarðskjálfta. En þetta er ákaflega erfitt mál, og ég get alls ekki úrskurðað um bótaskyldu og bótaskyldu ekki.

— Almannatryggingalöggjöfin tekur bara til fólksins sjálfs og líkamlegs og andlegs ástands þess, sagði Adda Bára Sigfúsdóttir aðstoðarmaður tryggingaráðherra, er við spurðum hana

hverjar væru skyldur almannatryggingarkerfisins gagnvart tjónum Eyjamanna.

— Vátryggingar og almannatryggingar eru tvennt algjörlega óskýl og hafa í rauninni ekkert hverjar með aðrar að gera. Almannatryggingakerfið bætir fólki skort á vinnugetu, sjúkdóma, dauðsföll og annað slíkt, en ekki neinskonar eignatjón.

Tjón þessa fólks hlýtur að verða eitt af þeim vandamálum sem fimmanna nefnd sú fær til meðferðar sem ríkisstjórnin hefur sett á lagginnar til að gera tilögur til úrbóta vegna þessara náttúruhamfara og á hvern hátt hægt sé að bæta það tjón sem orðið hefur. Það er ekkert til í okkar löggjöf sem segir hvernig mæta eigi svona óskaplegum atburðum. Þegar þeir gerast verðum við bara að bregðast við þeim eins og við erum menn til. —up

**SKIPAUTGERÐ RÍKISINS**

### Vörumóttaka

Vegna takmarkaðra geymslumöguleika og truflana á skipaferðum, eru vörusendendur beðnir að hafa samband við pakkhús Ríkisskips áður en þeir senda vöruna þangað.

## 1 x 2 - 1 x 2

3. leikvika — leikur 20. jan. 1973.

Úrslitaröð: 12X — XX1 — 2XX — 2XX

1. Vinningur: 10 réttir — kr. 50.000.00

nr. 10532 nr. 23557 + nr. 40143 + nr. 47792 + nr. 74123 nr. 23556 + nr. 37102

2. Vinningur: 9 réttir — kr. 2.000.00

— 5323	— 22143	— 36334	— 44002	— 68142
— 6116+	— 22931+	— 37589+	— 44828	— 69464
— 7046	— 22932+	— 37965	— 44989+	— 74083+
— 10580	— 23865	— 38298	— 46033	— 75730
— 10779	— 24405	— 39537	— 48178	— 75748
— 11039	— 24411	— 40116+	— 60270+	— 75939
— 15101	— 26277+	— 40133+	— 60330+	— 76207
— 15427	— 26634	— 40134+	— 60437	— 78388
— 17135	— 31037+	— 40141+	— 60491	— 79201
— 17178	— 31495	— 40151+	— 61347	— 80645
— 17185+	— 33901+	— 40153+	— 61603	— 81793
— 19676	— 34548+	— 40170+	— 62332	— 82253+
— 20065	— 34787+	— 42182	— 64829	— 82543+
— 20251	— 35050	— 42797	— 65025	— 82624+
— 21356	— 35549	— 43085	— 65843	

+ nafnlaus

Kærufræstur er til 12. feb. Kæru skulu vera skriflegar. Kæruedyðblíð fást hjá umboðsmönnum og aðalskrifstofunni. Vinningsupphæðir geta lækkað, ef kæru verða teknar til greina. Vinningar fyrir 3. leikviku verða póstagildir eftir 13. feb.

Handhafar nafnlausra seðla verða að framvísa stofni eða senda stofninn og fullar upplýsingar um nafn og heimilisfang til Getrauna fyrir greiðsludag vinning.

GETRAUNIR — Íþróttamiðstöðin — REYKJAVÍK

# SENDISVEINN

Karl eða kona óskast til léttara sendiferða. Skipautgerð Ríkisins.

# ORÐSENDING

## frá verz. H. TOFT Baldursgötu 39

Eins og áður hefur verið auglýst, er nú verzlunin til húsa á Baldursgötu 39 (næsta hús við Skólavörðustíg) og verður framvegis lögð megináherzla á allskonar smávörur til fatasaums svo og föðurefni, sængur-fataefni og annað eftir því, sem plássíð leyfir. Þær vörur, sem vegna þrengsla í búðinni verður að sleppa framvegis, verðar seldar út með 20% afslætti meðan birgðir endast og er þar helzt að nefna: Rifflaflau munstráð-vestrarbádmull-terylenebuxnaefni — alullar kápu- og frakkaefni — jerseyvinnuskjurtur — telpnakjólur 2-5 ára á aðeins 150 kr. — sokkabuxur, sléttar 3.-8 ára á 94. — og 108.-kr og ýmislegt fleira á göðu verði. Ath: lokað í hádeginu milli 12 og 1/2.

Munið: Verzlunin er nú til húsa að Baldursgötu 39. Baldursg. 39.

## Verzlun H. TOFT



Fimmtudagur 25. Janúar 1973

Kerfi tryggingafélaga

Aðeins tvö íbúðarhús í Eyjum tryggð fyrir tjónum vegna eldgosa

Tjón það sem hlýzt af eldumbrotunum í Eyjum er ennþá aldeilis óvist um. Sá hluti þess tjóns, sem hugsanlega gæti orðið, og hægt er að gera sér grein fyrir í tölum, eru skemmdir á húsum, mannvirkjum og húsbúnaði. Ef gosið stæði hins vegar til frambúðar, með þeim

alvarlegustu afleiðingum, sem það gæti haft, það er að Eyjar yrðu óbyggilegar eftir, er óhugsandi að reikna það tjón út með tölum þó ekki sé talað um annað en þá aðstöðu sem Eyjar bjóða uppá varðandi sjósókn og mannlíf. En hvað verður bætt af því tjóni, sem hugsan-

lega gæti orðið á mannvirkjum? Hver bætir það tjón? Hvernig yrði einstaklingum bættur sá skaði, sem þeir verða fyrir vegna þessara nátturuhamfara?

Asgeir Ólafsson forstjóri Brunabótafélags Íslands, sagði að skyldtrygging næði ekki til skaða af völdum slíkra nátturuhamfara, en BÍ er með skyldtryggingar húsa í Vestmannaeyjum.

— Það er því miður mjög lítið um tryggingar fyrir nátturuhamförum í heiminum. Japanir eru þó að koma skipulagi á þetta, og þar er það ríkið sem hefur með slíkar tryggingar að gera. Það er bætt frekar lítið miðað við brunabótamat, eða ca 30%.

Svo höfum við á almennum markaði svokallaða jarðskjálfta-tryggingu, og í henni er fallin trygging gegn tjóni af völdum eldgosa og elds sem kviknar vegna þeirra samkvæmt texta þeirrar tryggingar hér hjá okkur. Eftir Surtseyjargosið tóku nokkur hundruð Eyjamanna slíka jarðskjálfta-tryggingu, en því miður hafa aðeins tveir endurnýjað þá tryggingu, svo fleiri slíkar eru ekki í gildi í Eyjum af því sem tryggt er hjá okkur.

Vandkvæði okkar varðandi slíkar tryggingar eru helzt í því að fá endurtryggingu, vegna þess að af einu slíku tjóni gæti allt annað eyðilagzt.

Þetta dæmi með Vestmannaeyjar er þannig lagað, að það verður að leysa af hinu opinbera og samtökum, þannig að hægt verði að hjálpa þessum einstaklingum sem verða fyrir eignatjóni, og ég reikna með að allir leggist á eitt með að bæta það tjón eins og þjóðfélagið best getur.

En því miður er engin trygging til fyrir þessu, eins og því er háttáð.

Trygging gegn eldgosum

Jón Rafn Guðmundsson varð fyrir svörum hjá Samvinnu-tryggingum. Hann sagði að hægt væri að fá tryggingu fyrir tjónum af völdum eldgosa til viðbótar við jarðskjálfta-tryggingu eða inni-

falda í henni, og er það að sjálf-sögu aðeins dýrara.

— Þær litlu jarðskjálfta-tryggingar sem hafa verið seldar hérna hjá okkur hafa yfirleitt verið undanskildar tryggingum af völdum eldgosa.

Vestmannaeyingar eiga enga tryggingu hjá okkur gegn jarðskjálftum né gegn eldgosum.

Yfirleitt eru ekki bætt tjón af völdum nátturuhamfara, en þó minnst ég þess, að við höfum bætt tjón af völdum skriðfalla.

Enginn vandi að fá endurtryggingu!

Hjá Almennum Tryggingum varð forstjórinn, Baldvin Jónsson fyrir svörum. Hann sagði meðal annars:

— Það er ákaflega erfitt fyrir félög að fá aðeins jarðskjálfta-tryggingu, ef þau hafa ekki brunatryggingu á husunum líka. Þess vegna höfum við ekki selt jarðskjálfta- eða eldgosatryggingu, því við höfum ekki getað fengið endurtryggingu. Eins held ég að sé með hin félög.

Það er enginn vandi að fá þessar endurtryggingar fyrir þá sem hafa húsatryggingarnar.

Kaskótryggingar bíla ná ekki til skemmda á þeim af völdum nátturuhamfara.

Sigurður Jónsson svaraði fyrir Sjóvá og sagði, að þeir væru ekki með neinar tryggingar í Eyjum, sem greiða þyrfti út batur vegna nátturuhamfara.

— Við erum með þónokkuð af bílatryggingum í Eyjum. Jafnvel kaskótrygging nær ekki til þess að bæta tjón af völdum nátturuhamfara.

Hörður Felixson svaraði spurningum okkar fyrir hönd Tryggingamiðstöðvarinnar, en Frh. á bls. 15

Vopnahléi fagnað

Hér fara á eftir nokkrar upplýsingar um fyrstu viðbrögð stjórnvalda og almennings úti um víða veröld við fregnunum af væntanlegu vopnahléi í Vietnam. Þessu fylgir nokkru nánari frásögn af viðbrögðunum í Noregi, þar sem þau eru ágætur vitnisburður og þverskurður af viðbrögðum í einu einstöku landi.

Kinastjórn sé mjög ánægð með það að samið hafi verið um að ljúka stríðinu í Vietnam. Þetta er ekki aðeins í samræmi við hagsmuni vietnamskrar og bandarískrar alþýðu, heldur mun það einnig stuðla mjög að minnkandi spennu í Austurlöndum fjær.

Kirilenko, sem á sæti í pólitísku nefnd sovétka kommúnistaflokkans, mestu valdastofnun hans, kveður vopnahléð mikinn sigur fyrir þjóð Vietnam, þjóð Bandaríkjanna og fríðelskandi fólk yfirleitt.

Í Bandaríkjunum bar ekki mikill á ánægjuvirlýsingum heldri manna, en mörg þúsund manns söfnubust saman á götum New York-borgar, dönsuðu af gleði og föðmubust.

Barnahjálparsjóður Sameinuðu þjóðanna í Genf (UNICEF) sendi í dag út hjálparbeiðni vegna 21-ár milljónar af börnum í Indó-Kína sem þarfnast aðstoðar. Svo mikill fjöldi barna innan 15 ára aldurs er ýmist vannæður, slasaður eða blindur, þar af 16 milljónir í Vietnam einu. Sú hjálparstarisemi, sem sjóðurinn hefur nú á þrjú- og fjórum, er sú stærsta sem hann nokkru sinni hefur haft með að gera. Reynir nú á hjálpfýsi og fórnarlund fólks í Evrópulöndum, segja formælendur sjóðsins.

Suður-Kórea mun þegar hefja heimflutning líbs síns frá Suður-Vietnam, 38 þús. manns, sagði Park forseti í dag. Hann hét Suður-Vietnam aðstoð í uppbyggingarstarfinu.

Viðbrögð í Noregi

NTB skýrir ítarlega frá viðbrögðum manna í Noregi við fréttunum frá Vietnam. Korvald forsætisráðherra lét í ljós feginleik sinn yfir því að stýrjöldin nálgast nú lokin og mannlégar þjáningar taka enda. Seip formaður utanríkisráðgjafarstjórnar stórbingsvar með sviðuðum mæli og benti hann á, að Noregur hafi á sínum tíma tekið þátt í að reyna að koma á friði milli Norður-Vietnams og Bandaríkjanna.

Várvið utanríkisráðherra sagði að ljóst væri að norska stjórnin væri fús til að taka þátt í uppbyggingu í Vietnam og öðrum ríkjum Indó-Kína að stríðinu loknu, enda hefðu allir stjórnmalaflokkar í Noregi orðið sammála um þetta í yfirlýsingunni á annan ínyári. Hefur stjórnin beðið utanríkisráðuneytið að kanna hvaða hjálp er hægt að veita þegar í stað fólki í nauðum og hvernig staðið yrði að uppbyggingarstarfinu í framtíðinni.

Komið hafa tilkynningar um að norskar hjálparstofnanir séu reidubúnar til að leggja sitt af mörkum í Vietnam.

24/1 — Um klukkan 3 í nótt bárust fyrstu tilkynningar frá norsku fréttastofnunni NTB um vopnahlé í Vietnam. Vartist heimild hennar vera ræða sú sem Nixon Bandaríkjaforseti flutti þá (í gærkvöldi að bandarískum tíma), en samtímis var yfirlýsing um vopnahléð lesin upp í útvarpi í Hanoi og Saigon.

Framyfir það, að vopnahléssamningurinn yrði undirritaður um næstu helgi, allir bandarískir stríðsfangar látnir lausir og bandarískt líð fóla frá Vietnam innan 60 daga, var ekki gerð grein fyrir efnisamningsins í þessum yfirlýsingum.

Nixon hrósaði sér af því að hafa náð friði „með samd“. Í sameiginlegu yfirlýsingunni var látin í ljós von, að vopnahléssamkomulagið leiði til varanlegs friðar í Vietnam. Nixon sagði að Bandaríkin völdu leggja sitt af mörkum til þess. Hann bætti því við að samkomulagið nýti fulls stuðnings frá Thieu forseta Suður-Vietnams. „Samningurinn virðurkennir stjórnina í Saigon sem einu löglegu ríkisstjórnina í Suður-Vietnam“.

Thieu hefur hins vegar sjálfur varað við of mikilli bjart-sýni í útvarpsræðu. Hér væri

adeins um vopnahlé að ræða, en ekki um frið til langfara. Ekki útskýrði hann frekar efnisamkomulagsins.

Utanríkisráðherra bráðabirgða-byltingarstjórnar þjóðfrelsisafllana í Suður-Vietnam, frá Nguyen Thi Binh, sagði í dag að vopnahléssamningurinn þýddi stórsigur fyrir vietnómsku þjóðina. Kvæð hinn stjórn sína skuldbinda sig til að framfylgja honum orð fyrir orð. Ef allir aðilar héldu hann í heidri, mundi það færa Vietnamnum sannan og viðvarandi frið.

Forsætisráðherra Norður-Vietnam, Pham Van Dong, lét svipar orð falla í ræðu í dag, þegar Trinh utanríkisráðherra var kvaddur, en hann er nú á leið til Parísar. Þetta er mikill sigur, hernadarlegur, pólitískur og síðerfílegur, fyrir vietnómsku þjóðina fyrir samstöðu sósíalískra landa og fyrir alla þá sem hafa þétt sér fyrir friði í Vietnam. Lét hann í ljósi vonir um að það tekist að endursameina föðurland allra Vietnamna.


Við brottför Trinh var nokkur viðhöfn og höfuð forystumenn landsins og erlendir sendimenn komið saman í forsetahöllinni. Sendiherra Svía, Öberg, flutti ávarp fyrir hönd diplomatanna og lýsti yfir

feginleik sínum vegna vopnahléssins. Öberg sagði í samtali frá Hanoi, að varnarmálaráðherrann, Giao, hafði verið barna viðstaddur og sýnt hraustlegur. Fyrir nokkru vikum flaug fyrir að Bandaríkjamenn hefðu banað honum í loftáras.

Öberg sagðist enn fremur svo frá, að Vietnamar virtust taka tíföldunum með ró og jafnvel hlédrægni. Fólk létu ekki í ljós fögnuð, enda vant sjálfsstjórn, en greinileg væri að mönnum létti. Mannfjöldi var á götum og safnaðist saman í kringum hátalara og hýddi á fréttirnar í sundursþrengdri borginni. Forseti herforingjastjórnarinnar í Kambódíu, Lon Nol, sagði í ræðu í dag að vopnahléi í Vietnam mundi einnig færa Kambódíumönnum frið. Stríðsrekstri gegn herliði Norður-Vietnama væri hætt, kvæð hann, og skæruliðar kommúnista í landinu yrðu yfirbugaðir.

Stjórnin í Vientiane í Laos er ánægð yfir vopnahlénu en hnugguð út af því að ekki skuli um leið samíð um Laos, þar sem Laos hefur verið dregið inn í stríðið. Í fréttaskýti segir að margir stjórnmalmenn í Laos óttist að vopnahléssamningurinn fyrir Vietnam bindi ekki enda á stríðið í Laos.

ALÞÝÐU-BANDALAGIÐ



Skólinn, þjóðfélagið og námsmannahreyfingin

Það er í kvöld kl. 20.30 að Alþýðubandalagið í Reykjavík heldur umræðufund. Að þessu sinni verður fjallað um efnid „Skólinn, þjóðfélagið og staða námsmannahreyfingarinnar“. Einar Baldursson og Hannes Stephensen, báðir menntaskólanemar, leiða umræðurnar. Fundurinn verður haldinn að Grettisgötu 3 og er allt áhugafólk velkomid.